

FRÉTTABLAÐIÐ

19. TÖLUBLAÐ 17. ÁRGANGUR

— MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI* —


MÁNUDAGUR 23. JANÚAR 2017



Þjóðin syrgir Birnu


Birna Brjánsdóttir, sem hafði verið saknað síðan 14. janúar, fannst látin við Selvogsvita í gær. Leitarmenn um borð í TF-LÍF fundu Birnu. Fólk kom saman við Norræna húsið í gærkvöldi og kveikti á kertum til að minnast hennar. Síða 4.

Veður



Suðaustan 13-23 í nótt og fram eftir deginum, hvassast norðvestantil á landinu og á Miðhálandinu. Allviða talsverð rigning en lengst af þurr á NA- og A-landi. Mun hægari sunnanátt í kvöld og úrkomuminnna. Viða 4 til 8 stiga hiti.

SJÁ SÍÐU 20



Lögreglan þarf að taka á mörgum málum. FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

Næturgesturinn mátti ekki koma

LÖGREGLUMÁL Næturvörður á hóteli í miðborginni óskaði eftir aðstoð lögreglunnar á laugardagsnótt eftir að maður sem gisti þar hafði veist að honum. Í tilkynningu frá Lögreglunni á Höfuðborgarsvæðinu segir að maðurinn hafi veist að næturverðinum eftir að hann meinaði honum að taka kvenkyns næturgest með sér inn á herbergi en slíkt er andstætt reglum hótelsins. Varð það niðurstaðan að karlmaðurinn og konan yfirgáfu hótelið og héldu út í nóttina.

» Varð það niðurstaðan að karlmaðurinn og konan yfirgáfu hótelið og héldu út í nóttina.

Nokkrir íbúar höfuðborgarinnar skemmtu sér langt fram á nótt og tókst ekki alltaf jafn vel til samkvæmt tilkynningu lögreglunnar. Í gærmorgun, klukkan hálf níu var tilkynnt um mikinn samkvæmishávaða úr íbúð í Kópavogi. Var þar hópur gesta og var nokkrum gestum frekar heitt í hamsi. Var þeim vísað út úr íbúðinni þar sem talsvert ónæði var af þeim.

Þá þurfti leigubilstjóri aðstoð þar sem farþegi hafði hlaupið í burtu frá ógreiddum reikningi. Farþeginn skildi reyndar farsímann sinn eftir þannig að lögreglan hafði fljótlega uppi á viðkomandi. Var málið afgreitt í framhaldi af því. – bb

Margir komu að leitinni að Birnu Brjánsdóttur



Alls komu um 775 sjálfbodaliðar Slysavarnafélagsins Landsbjargar að leitinni að Birnu Brjánsdóttur, þar af voru 685 leitarmenn, 40 aðgerðastjórnendur og 50 frá slysavarnadeildum félagsins. Við leitina var notast við 11 hunda, dróna, fjór hjól og nánast allan bílafloða björgunarsveitanna. Leitarköngulur 71 björgunarsveit viðsvegar að af landinu tók þátt í leitinni og slysavarnafólk úr fimm deildum félagsins. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Senda á 9 ára barn úr landi úr landi

SVÍÞJÓÐ Sænska útlendingastofnunin hefur ákveðið að senda eigi níu ára stúlku eina til Marokkó. Aðrir í fjölskyldunni hafa fengið dvalarleyfi í Svíþjóð. Stofnunin krefst samþykks líffræðilegs föður stúlkunnar fyrir dvöl hennar í Svíþjóð en enginn veit hvar hann er, að því er segir í frétt Aftonbladet. Stúlkun, sem heitir Marwa, segist aldrei hafa hitt föður sinn.

Samkvæmt frétt Aftonbladet hefur málið verið sent til Evrópu-dómstólsins. Nú hyggst nýr lögfræðingur fjölskyldunnar skjóta málinu til undirréttar og fara fram á að móðirin fái ein forræði yfir dótturinni. Þá þurfi ekki samþykki föðursins fyrir dvöl barnsins í Svíþjóð. Lögfræðingurinn hefur beðið um að barninu verði ekki vísað úr landi fyrir en úrskurður dómstóls liggur fyrir. – ibs

Nýársnóttin reyndist sérstaklega skrautleg

Þrjú íslenskir læknanemar starfa nú á suðurafriku sjúkrahúsi. Gífurleg fátækt einkennir samfélagið og verkefni nemanna því allt önnur en þeir eiga að venjast hér heima. Dvölin er liður í sex vikna valkúrsi. Fólkið í landinu mjög indælt.

SAMFÉLAG Veikindin og meiðslin sem sjúklingar koma með hingað eru allt önnur en við eigum að venjast heima, segja þrjú íslenskir læknanemar sem starfa á bráðamóttöku suðurafriksk sjúkrahúss um þessar mundir.

Þau Oddur Björnsson, Sigrún Lína Pétursdóttir og Daniel Arnarson, öll læknanemar á 6. ári, héldu utan 29. desember síðastliðinn til að starfa á Edendale-sjúkrahúsinu. Það er staðsett skammt frá Pietermaritzburg á austurströnd Suður-Afríku. Umrætt sjúkrahús varð fyrir valinu þar sem yfirlæknir bráðamóttöku hér heima og úti höfðu forðum starfað saman í Nýja-Sjálandi. Dvölin er liður í sex vikna valkúrsi sem flestir nema nýta til að kynnað öðrum aðstæðum.

„Við erum á ríkisreku sjúkrahúsi en þau eru ekki jafn „fancy“ og hin einkareku. Sjúklingarnir sem hingað koma búa flestir við mikla fátækt,“ segja þau. Mikið sé um ofbeldi, berkla og stungu- og skotsár. Þá er hlutfall HIV-smitaðra með því hæsta sem þekktist í heiminum.

„Hér er góður tækjakostur, læknar vel menntaðir og góð kennsla. Þó fólkið sé fátækt þá fær það góða þjónustu,“ segir Sigrún. „Við vinnum í raun í svipuðu umhverfi og á Íslandi en erum með allt öðruvísi sjúklingahóp.“

„Áramótin voru til dæmis rosaleg. Þá fóru margir á djammíð og það var mikið um stunguárásir og slys sökum ölvunaraksturs. Við saumuðum mörg sár á þessari vakt,“ segir Oddur.

„Þetta endaði í raun þannig að við vorum sett hvert í sitt herbergið og fólk með stungusár myndaði röð



Fylgi maður nokkrum reglum er maður óhultur segja Oddur, Sigrún og Daniel en þau fara fögrum orðum um Suður-Afríku. MYND/IAN CARBUTT

Hér er góður tækjakostur, læknar vel menntaðir og góð kennsla. Þó fólkið sé fátækt þá fær það góða þjónustu.

Sigrún Lína Pétursdóttir

til okkar,“ segir Daniel. Hann lýsir aðstæðunum sem hálf-surrealískum enda hnífstungur fátíðar á Íslandi.

„Mjög margir minna veikir voru sendir heim því það var ekki pláss vegna fólksins með stungusár. Við

saumuðum nánast alla nóttina. Það var mjög lærdómsríkt.“

Samfélagið úti er allt annað sökum fátæktarinnar. Nemarnir segja til dæmis að það sé ekki skynsamlegt að vera á ferli eftir sósetur. Það kom eitt sinn fyrir að öðrum læknanema var rænt eftir vakt þegar hann fór einsamall heim eftir miðnætti. Lögregla fann hann eftir nokkrar klukkustundir en hann hlaut engan skaða af.

„Ef maður hagar sér skynsamlega, veifar ekki símanum og er aldræ einn úti á kvöldin þá er maður öruggur,“ segir Sigrún. „Yfirleitt er fólkið hér þó mjög indælt og vill allt fyrir mann gera.“

johannoli@frettabladid.is



Hollvinasamtök Reykjalundar

AÐALFUNDUR

Hollvinasamtaka Reykjalundar verður haldinn í hátíðarsal Reykjalundar laugardaginn 28. janúar og hefst hann kl. 14:00.

DAGSKRÁ

1. Venjuleg aðalfundarstörf.

2. Erindi: Reykjalundur þá og nú.
Magnús Ólason, framkvæmdastjóri lækninga.

Hollvinir hvattir til að mæta og nýjir félagar velkomnir.


Stjórnin

GAMMA TOTAL RETURN FUND:

Eignadreifing sem skilar árangri

Árið 2016 skilaði *Total Return Fund* **14,73% ávöxtun**. Það er **besta ávöxtun** í samanburði við aðra sambærilega sjóði á íslenskum fjármálamarkaði, samkvæmt vefsvæðinu keldan.is en ávöxtun annarra blandaðra sjóða var -1% til 6%.

TRF: SÖGULEG ÁVÖXTUN




Tölur í auglýsingu vísa til fortíðar og athygli er vakin á því að söguleg ávöxtun gefur ekki vísbendingu um framtíðarávöxtun.

NÁNARI UPPLÝSINGAR / 519 3300 / GAMMA@GAMMA.IS / GAMMA.IS

Fyrirvari: Umfjöllun þessi felur ekki í sér fjárfestingarráðgjöf eða tilboð eða hvatningu um að eiga viðskipti með verðbréf. GAMMA Capital Management hf. er rekstrarfélag Fjárfestingarsjóðs GAMMA. Sjóðurinn er deild í fjárfestingarsjóði skv. lögum nr. 128/2011. Nánari upplýsingar um áhættu og fjárfestingar má finna í útboðslýsingu, reglum og lykilupplýsingum (KIID), sem nálgast má á heimasíðu GAMMA eða á skrifstofu félagsins og eru fjárfestar hvattir til að kynna sér þessar upplýsingar nánar. Almennt fylgir áhætta fjárfestingu í fjárfestingarsjóðum og eignarhlutdeild getur rýrnað, aukist eða staðið í stað. Kaupum á hlutdeildarskírteinum sjóðsins fylgir nokkur hættu á verðsveiflum.

TRF: EIGNADREIFING



Total Return Fund er fjárfestingarsjóður hjá GAMMA, opinn fyrir alla fjárfesta og hugsaður til milli-langs eða langs tíma.

SJÓÐSSTJÓRI TOTAL RETURN FUND

Valdimar Ármann, hagfræðingur og fjármálaverkfræðingur, er framkvæmdastjóri sjóða hjá GAMMA og hefur verið hjá GAMMA frá 2009. Valdimar hefur 17 ára starfsreynslu á fjármálamörkuðum og starfaði áður hjá ABN AMRO í London og New York og hjá RBS í New York.



GAMMA
REYKJAVÍK / LONDON

Flugleið þyrlunnar TF-LÍF

775

sjálfboðaliðar komu að leitinni.


685 leitarmenn Landsbjargar.

71 björgunarsveit kom að leitinni.

40 aðgerðastjórnendur.

50 frá slysavarnardeildum félagsins.

11 hundar.



Dapurlegt að ung kona sé hrifin burt frá okkur

Réttarmeinafræðingur kemur til landsins í dag til að skera úr um dánarorsök Birnu Brjánsdóttur. Birna fannst við Selvogsvita um hádegi í gær. Lögreglan skipuleggur yfirheyrslur yfir mönnum sem grunaðir eru um að bana henni.

LÖGREGLUMÁL „Það er dapurlegt að ung kona í blóma lífsins hafi verið hrifin burt frá okkur með þessum hætti,“ segir Grímur Grímsson, sem fer fyrir rannsókninni á hvarfi Birnu Brjánsdóttur. Birna fannst í gær, látin.

Lögreglan undirbýr nú af fullum krafti yfirheyrslur yfir mönnum tveimur sem grunaðir eru um að hafa banað Birnu, laugardagsmorguninn 14. janúar. Yfirheyrslurnar fara fram í dag, eða á morgun. „Nú snýst þetta ekki bara um að fá upplýsingar um hvar hún er heldur þarf að fara yfir þetta frá A til Ó. Það er búið að yfirheyra þá töluvert en við lögðum áherslu á að fá upplýsingar um afdrif Birnu. Ég vil ekki fara út í það sem kemur fram í yfirheyrslum en það blasir við að Birna fannst ekki vegna ábendingar frá þeim, heldur vegna skipulagðrar leit- ar,“ segir Grímur.

Þyrla Landhelgisgæslunnar, með teymi frá gæslunni og tveimur sérhæfðum leitarmön-

um frá Landsbjörgu, fann Birnu um 1 leytið í gærdag. Birna fannst í fjórundi við Selvogsvita en talið er ólíklegt að henni hafi verið komið fyrir þar. „Það er lang líklegast að hún hafi verið sett einhverstaðar í sjó annars staðar og síðan hafi sjórin borið hana þangað. Hvenær eða hvernig er það sem við erum núna að vinna að.“

Þyrla Landhelgisgæslunnar var í sínu fyrsta flugi eftir strandlengju sunnanverðs Reykjanesskaga. Hingað til hefur þyrlan fyrst og fremst

„Það er dapurlegt að ung kona í blóma lífsins hafi verið hrifin burt frá okkur með þessum hætti.“

Grímur Grímsson yfir- maður rannsóknarinnar



flogið yfir norðanverðan skagann en leitinn færðist sunnar í gær. Teymið sem fann Birnu kemur til með að fá handleiðslu og andlega hjálp eins og venja er.

Sérfræðingar frá Vegagerðinni vinna að því að reikna út sjávarstrauma síðustu daga til að fá úr því skorið hvar Birna var sett í sjóinn en fyrir liggur að rauða Kia Rio bíla- leigubílum, sem mennirnir höfðu til umráða, var ekið um 300 kílómetra þann sólarhring sem mennirnir höfðu bílinn á leigu.

Í dag kemur svo til landsins austurrískur réttarmeinalæknir, sem starfar mikið hér á landi. Hann kemur til með að kryfja lík Birnu við fyrsta tækifæri og kveða upp um dánarorsök hennar. Þá hefur lögregla fundið öikumann hvíta bílsins sem leitað var í vikunni.

Grímur segist gríðarlega þakklátur og ánægður með allt það fólk sem hefur lagt hönd á plóg undanfarna viku við leitina að Birnu. Ágúst Svansson, aðalvarðstjóri hjá lögreglunni tekur í sama streng: „Það er yndislegt hvernig öll samvinna hefur verið, bæði við fjölmiðla og alla aðra. Við erum Íslendingar.“

snaeros@frettabladid.is

Hvarf Birnu Brjánsdóttur

LAUGARDAGURINN 14. JANÚAR

● Birna Brjánsdóttir fer út að skemmta sér með vinkonum sínum.

● Birna sést í eftirlitsmynda- vélum ganga ein síns liðs austur Austurstræti, Bankastræti og Laugaveg að húsi nr. 31 þar sem hún hverfur sjónum um kl. 05:25 við Laugaveg 31.

SUNNUDAGURINN 15. JANÚAR

● Lögreglan lýsir eftir Birnu. Um kvöldið er málið komið í algjöran forgang hjá lögreglu.

● Svæðisstjórn björgunarsveita á höfuðborgarsvæðinu kölluð út. Um miðnætti er óskað eftir aðstoð sporhunds.

MÁNUDAGURINN 16. JANÚAR

● Lögreglan lýsir eftir rauðri Kia Rio bifreið.

● Sérhæfðir leitarahópar kallaðir út til leitar.

● Um 120 björgunarsveitarmenn leita í Heiðmörk á svokallaðri flóttmannaleið.

● Skór Birnu finnst um nóttina við höfnina í Hafnarfirði. Síðar finnst hinn skórinn.

ÞRIÐJUDAGURINN 17. JANÚAR

● Lögreglan fær úrskurð til að skoða upplýsingar um farsíma sem ferðast með sama hætti á farsímasendum og sími Birnu.

● Lögreglan fær lista yfir skipverja á grænenska skipinu Polar Nanoq.

● Kia Rio-bifreið haldlögð í Hlíðasmára í Kópavogi.

● Fjórir lögreglumenn fara með þyrlu Landhelgisgæslunnar og fara um borð í danska herskipið HDMS Triton. Skipið sigldi til móts við Polar Nanoq. Skipin mættust við miðlinu á milli Íslands og Grænlands um kl. 6. Ekki

varð af því að lögreglumennirnir færu um borð.

● Bænastund haldin í Hallgrímskirkju til stuðnings fjöskyldu Birnu.

MIÐVIKUDAGURINN 18. JANÚAR

● Tveir menn handteknir af sersveit ríkislögreglustjórans um borð í grænenska fiskiskipinu Polar Nanoq u.þ.b. 90 mílur suðvestur af landinu. Hinir handteknur voru yfirheyrðir við komuna til landsins.

● Björgunarsveitir kallaðar út til að leita á hafnarsvæðinu í Hafnarfirði og með vegaslóðum á Strandaheiði.

FIMMTUDAGURINN 19. JANÚAR

● Mennirnir voru úrskurðaðir í tveggja vikna gæsluvarðhald grundaðir um mann-dráp. Lögreglan fór fram á fjögurra vikna gæsluvarðhald.

● Þyrla Landhelgisgæslunnar, TF-LÍF, leitaði yfir Hafnarfjarðarhöfn, meðfram ströndinni, frá Straumsvík að Vogum á Vatnsleysuströnd. Einnig var flogið suður að Höskuldavöllum og Keili.

FÖSTUDAGURINN 20. JANÚAR

● Lögreglan á höfuðborgarsvæðinu óskar eftir að ná tali af öikumanni hvíts bíls, sem var ekið vestur Öseyrarbraut í Hafnarfirði laugardaginn 14. janúar kl. 12.24.

● TF-LÍF, fór tvívegis til leitar. Þyrlan leitaði í nágrenni Hafnarfjarðar og Kleifarvatns, á Strandaheiði, á Reykjanesskaga og í nágrenni.






LAUGARDAGURINN 21. JANÚAR

● Ein umfangsmesta leit síðari ára fer fram.

SUNNUDAGURINN 22. JANÚAR

● Um klukkan eitt fann áhöfn TF-LÍF lík í fjórundi rétt vestur af Selvogsvita, sem er um 15 kílómetra vestur af Þorlákshöfn.

Áformað var að fljúga meðfram strandlengjunni frá Hafnarfirði, vestur fyrir Garðskaga og Reykjaness og allt austur að Þjórsárósum.



Jeep



FRUMSÝNING

RENEGADE

28. - 29. janúar

SIMPLY CLEVER

ŠKODA



ŠKODA Octavia

Nú getur þú
fengið **Octaviu**
lánaða í **heilan**
sólarhring.

24 TÍMA
HEIMLÁN
ŠKODA



5 ára ábyrgð

Taktu frá 24 tíma með Octaviu!

ŠKODA Octavia er margverðlaunaður og einn af söluhæstu bílum á Íslandi enda ótal kostum búinn. Gefðu þér sólarhring til að prófa frábæra aksturseiginleika, gott rýmið og sparsemi í rekstri – allt það sem gerir **ŠKODA Octavia** að einum besta fjölskyldubílum á markaðnum.

Dráttarbeisli og vetrardekk
fylgja í takmarkaðan tíma!

Verð frá aðeins:

3.350.000 kr.

Sjálfskiptur frá aðeins: **3.550.000 kr.**



HEKLA · Laugavegi 170-174 · Reykjavík · Sími 590 5000 · hekla.is
Höldur Akureyri · Bílasala Selfoss · Bílás Akranesi · HEKLA Reykjanesbæ

www.skoda.is

Meistaramánuður á ný

SAMFÉLAG „Við ákváðum að endur-vekja meistaramánuðinn í ár og ætlum að keyra á það með krafti,“ segir Pálmar Ragnarsson, sem er í forsvari fyrir meistaramánuð Íslandsbanka. Meistaramánuður hóf göngu sína árið 2008 en hefur ekki verið haldinn formlega síðustu tvö ár. Pálmar segir að markmiðið sé að gera þetta að stærsta meistaramánuði frá upphafi.

„Meistaramánuður byrjaði tengt hreyfingu og heilsu en hefur þróast út frá því að vera tækifæri fyrir fólk til þess að vera besta útgáfan af sjálfum sér í heilan mánuð. Í meistaramán-



Pálmar Ragnarsson, forsvarsmáður meistaramánuðar Íslandsbanka

uði skora þátttakendur sjálfa sig á hölm og setja sér markmið. Það eru engar reglur,“ segir Pálmar.

Til að taka þátt er hægt að skrá sig á meistaramanudur.is og þar geta þátttakendur útbúið sér dagatöl til þess að halda utan um markmiðin sín. – þh

ERTU MEÐ KVEF EÐA FLENSUEINKENNI?

MARINE
PHYTOPLANKTON
Sjávarþörungur



Ofurfæða úr hafinu
Orka – Einbeiting – Úthald

HAWAIIAN
NONI



Veikindabani
Styrkir ónæmiskerfið

Frábær tvenna
Fyrirbyggjandi við
kvefi og flensu

Bætt heilsa og betri líðan með
Natural Health Labs
100% náttúruleg bætiefni



BALSAM
www.balsam.is

Fæst í apótekum, Heilsuhúsið, Hagkaup, Fjarðarkaup, Orkusetrið, Lifandi Markaður, Heilsuver, Heilsuhornið Blómaval, Heilsulausn.is, Heimkaup og Iceland Engilhjalla.

Leitað í rústunum



Sjálfboðaliðar og sérhæfðir björgunarmenn leituðu um helgina að eftirlifendum snjóflóðs sem féll á miðvikudaginn á Mið-Ítalíu. Sex hafa fundist látnir og 23 er saknað. Ellefu hafa fundist á lifi, flestir án teljandi meiðsla. Flóðið féll í Rigopiano í Pescara héraði og reif meðal annars með sér Hotel Rigipiano. FRÉTTABLAÐIÐ/EPA

Rannsaka aðflugsleiðir yfir Hvassahrauni

Icelandair hefur sent Samgöngustofu beiðni um að hefja flugprófanir yfir Hvassahrauni. Kanna aðflug að þremur ímynduðum flugbrautum. Bregðast við ráðleggingum Rögnunefndarinnar um könnun flugvallarskilyrða á staðnum.

SAMGÖNGUR Icelandair hefur sent Samgöngustofu beiðni um að hefja flugprófanir yfir Hvassahrauni. Tilgangur þeirra er að meta veðurastæður í aðflugi að ímynduðum flugvelli í hrauninu.

Þetta kemur fram í skrifum Ásgeirs Eiríkssonar, bæjarstjóra í Vogum, en Samgöngustofa hefur sent sveitarfélögum á svæðinu upplýsingar um áformin.

Kemur fram að hannaðir hafa verið flugferlar að þremur flugbrautum, sem Icelandair hyggst fljúga aðflug að. Í þessum flugprófunum felst að flogið verður allt niður í 500 feta hæð sem samsvarar um 152 metra hæð yfir jörðu.

Samkvæmt upplýsingum frá Samgöngustofu verður flugið framkvæmt í fullu samræmi við gildandi flugreglur en ljóst að þotum Icelandair verður flogið lægra en vant er á þessu svæði.

Það var niðurstaða svokallaðar Rögnunefndar að flugvöllur í Hvassahrauni væri vænlegasti kosturinn fyrir nýjan innanlandsflugvöll í jaðri höfuðborgarsvæðisins, kæmi til þess að Reykjavíkflugvöllur yrði aflagður í núverandi mynd.

Flugið er ekki hafið og ég get ekki tilgreint neinar tímasetningar,

Guðjón Arngrímsson, upplýsingafulltrúi Icelandair



Nefndin skoðaði fjóra kosti fyrir þá starfsemi sem nú er í Vatnsmýrinni. Taldi nefndin alla staðina geta rúmað flugvöllinn en Hólmsheiðin var talin einna sísti valkosturinn. Hinir voru Bessastaðanes, Lóngusker og breyttar útfærslur flugvallar í Vatnsmýri.

Guðjón Arngrímsson, upplýsingafulltrúi Icelandair, segir að eðli málsins samkvæmt hafi verið leitað allra nauðsynlegra heimilda til þess að framkvæma rannsóknirnar og forsvarsmenn sveitarfélaga í nágrenninu því upplýstir. „Það er því af okkar hálfu ekkert nýtt að

gerast. Flugið er ekki hafið og ég get ekki tilgreint neinar tímasetningar, það fer eftir veðri, stöðu flugvéla, flugmanna og svo framvegis,“ segir Guðjón og vísar til fréttatilkynningar frá því í nóvember. Þar sagði frá áformum félagsins um að gera veðurfarsrannsóknir við Hvassahraun, en Rögnunefndin lagði til í lokaskýrslu sinni að „flugvallarskilyrði í Hvassahrauni verði fullkönnuð með nauðsynlegum rannsóknum ...“

Flugprófanirnar fara þannig fram að flugvélum frá Icelandair, sem ekki eru í áætlunarflugi, verður flogið eftir þeim aðflugsferlum sem eru fyrirseðir á nýju mögulegu flugvallarstaði. Tækjabúnaður um borð í vélunum mun nema og skrár mismunandi veðurastæður á svæðinu. Gert er ráð fyrir að yfirflugið standi með hléum um nokkurra vikna og mánaða skeið, og tekur þá við úrvinnsla úr rannsóknarvinnunni. svavar@frettabladid.is

Flugið er ekki hafið og ég get ekki tilgreint neinar tímasetningar, það fer eftir veðri, stöðu flugvéla, flugmanna o.s.frv. svavar@frettabladid.is



GÁMAÞJÓNUSTAN HF.
BÆTT UMHVERFI - BETRI FRAMTÍÐ

INNKÖLLUN HLUTABRÉFA

Stjórn Gámaþjónustunnar hf., kt. 410283-0349, hefur ákveðið að hlutabréf í félaginu verði tekin til rafrænnar skráningar í kerfi Nasdaq verðbréfamiðstöðvar hf. Rafræn skráning tekur gildi 30. apríl 2017, kl. 9:00 árdegis. Frá þeim tíma ógildast hin áþreifanlegu hlutabréf í félaginu í samræmi ákvæði laga um rafræna eignaskráningu verðbréfa.

Öll hlutabréf í félaginu verða tekin til rafrænnar skráningar. Hlutabréfin eru öll í einum flokki, gefin út á nafn og kennitölu hluthafa.

Við rafræna útgáfu hlutabréfanna er nafnverð hluta ákveðið ein króna eða margfeldi þar af. Greiði Gámaþjónustan hf. arð á komandi árum verður það gert í gegnum kerfi Nasdaq verðbréfamiðstöðvar hf.

Hér með er skorað á alla eigendur framangreindra hlutabréfa, sem telja nokkum vafa leika á að eignahald þeirra sé réttilega fært í hlutaskrá Gámaþjónustunnar hf., að staðreyna skráninguna með fyrirspurn til Bernharðs Hreinssonar, skrifstofustjóra félagsins á skrifstofu félagsins að Berghelli 1, Hafnarfirði eða með tölvupósti á netfangið bernhard@gamar.is. Komi í ljós við slíka könnun að eigendaskipti hafi ekki verið skráð ber eigendum að færa sönnur á þau gagnvart félaginu innan þriggja mánaða frá síðari birtingu innköllunar þessarar.

Enn fremur er skorað á alla þá sem eiga takmörkuð réttindi til framangreindra hlutabréfa, svo sem veðréttindi, að koma þeim á framfæri við fullgilda reikningsstofnun, sem gert hefur aðildarsamning við Nasdaq verðbréfamiðstöð hf., innan þriggja mánaða frá síðari birtingu innköllunar þessarar.

Að lokinni rafrænni skráningu geta hluthafar falið reikningsstofnun umsjón með eignarhlut sínum í félaginu til að geta framselt hluti sína, svo sem vegna sölu eða skipta. Hluthafar munu fá sendar tilkynningar og reikningsyfirlit í samræmi við ákvæði reglugerðar nr. 397/2000.

Hluthöfum félagsins verður send skrifleg tilkynning þar sem framangreint er kynnt.

Stjórn Gámaþjónustunnar hf.



SENDU STRAUM

HVERNIG VÆRI LÍFIÐ ÁN RAFMAGNS?

Rafmagn er sjálfsagt og aðgengilegt í daglegu lífi okkar Íslendinga. Við njótum þeirra forréttinda að orkan okkar er ódýr og um leið hrein og endurnýjanleg. Svo er ekki allsstaðar.

1,3 milljarður manna um allan heim býr við takmarkað aðgengi að rafmagni. Orkugjafar fyrir einföld heimilisstörf geta verið heilsuspillandi og ferðast þarf um langan veg til að kaupa þá dýrum dómum.

DAGUR RAFMAGNSINS

Á degi rafmagnsins í dag, 23. janúar, viljum við þakka fyrir þau forréttindi sem við búum við hér og koma öðrum til aðstoðar við að skipta yfir í ódýran, endurnýjanlegan og heilnæman orkugjafa.

Taktu mynd sem sýnir hvaða hlutverki rafmagn gegnir í þínu lífi og deildu henni á Facebook eða Instagram undir merkinu #sendustraum. Fyrir hverja mynd sem berst leggur SAMORKA 300 kr. til GIVEWATTS.org, sem sér um að koma sólarorkulömpum þangað sem þörfin er mest í Afríku.




#SENDUSTRUM
samorka.is/dagurrafmagnsins



Fimbulkuldi í Bretlandi

ERLENT Hitastig mun fara niður fyrir núll gráðurnar næstu daga í suðurhluta Englands og Wales og er búist við að tafir verði á flugvöllum í London. Þá segja breskir fjölmiðlar frá því að akstursskilyrði í morgunumferðinni gætu verið hættuleg enda mun frostþoka verða yfir og því er búist við mikilli hálfu. „Hætta er á að frostþokan nái frá norðvestur hluta Englands og að suðaustur hlutanum. Þetta gæti haft áhrif á flugvelli í London og umferðina því þetta eru ekki aðstæður sem eru vel þekktar í Englandi,“ er haft eftir veðurfræðingi hjá Veðurstofu Bretlands í breskum fjölmiðlum.



Séð yfir Thames. NORDICPHOTOS/GETTY

» Átta stiga frost mældist í South Farnborough í Hampshire héraðinu á föstudag.

Fólk er hvatt til að fylgjast vel með veðurspám en veðurafríðin munu trúlega standa yfir til morguns. Búast má við allt að fjögurra stiga frosti í dag og tveggja stiga frosti á morgun. Norðurhluti Englands og Skotland munu að mestu sleppa við kuldann.

Átta stiga frost mældist í South Farnborough í Hampshire héraðinu á föstudag. – bb



Byggt hefur verið á 140 stöðum á svæðinu á þeim tæplega fimmtíu árum sem Ísraelar hafa haft yfirráð á svæðinu. FRÉTTABLAÐIÐ/EPA

Byggt á ný eftir embættistöku Donald Trump

Á sjötta hundruð nýrra íbúða munu rísa í landtökubyggðum Ísraela á næstunni. Afgreiðslu málsins hafði verið slegið á frest í fyrra eftir fordæmingu Öryggisráðsins á framkvæmdum Ísraela á svæðinu.

ÍSRAEL Stjórnvöld í Ísrael samþykktu í gær að heimila byggingu á sjötta hundruð nýrra húsa í landtökubyggðum í austurhluta Jerúsalem. Áður hafði afgreiðslu á málinu verið frestað.

Skömmu fyrir jól samþykkti Öryggisráð Sameinuðu þjóðanna ályktun þar sem landtökubyggðir á hernumdum svæðum Palestínu voru gagnrýndar harkalega. Fjórtnán þjóðir greiddu atkvæði með tillögunni en ein sat hjá. Afgreiðslan vakti athygli þar sem Bandaríkin hafa yfirleitt beitt neitunarvaldi sínu í málefnum Ísrael.

Benjamin Netanyahu, forsætisráðherra Ísrael, gagnrýndi afstöðu Bandaríkjanna harkalega og fór fram á að því yrði frestað að taka ákvörðun um málið. Ákvörðunin var tekin í gær, tveimur dögum eftir að Donald Trump sór embættiseið sem forseti Bandaríkjanna.

„Reglur leiksins hafa breyst eftir að Trump tók við sem forseti,“ segir Meir Turgeman, aðstoðarborgarstjóri Jerúsalem, við AFP um ákvörðunina. Hann bætti því við að um 11.000 nýjar íbúðir til viðbótar væru á teikniborðinu þó ekki liggi fyrir hvenær framkvæmdir við þær

geta hafist. „Hendur okkar eru ekki lengur bundnar af Barack Obama. Nú getum við loksins byggt.“

Í gær upplýsti Netanyahu að hann hyggðist síðar þann daginn ræða við Trump simleiois. Var þar á ferð fyrsta samtal leiðtoganna frá því að sá síðarnefndi settist í forsetastól. Ekki er vitað hvað þeim fór á milli. Í kosningabaráttu sinni lofaði Trump meðal annars að styðja Ísrael og berjast fyrir því að Jerúsalem yrði viðurkennd sem höfuðborg ríkisins.

„Það er tímabært að þjóðir heimsins hætti að líta á Ísrael sem ríki sem er óháð lögum og reglum,“ segir Nabil Abu Rudeineh talsmaður Mahmoud Abbas, forseta Palestínu. Með því fordæmdi hann hinar fyrirhuguðu byggingar og kallaði eftir því að Sameinuðu þjóðirnar fylgdu áfram þeirri línu sem fram kom í ályktun Öryggisráðsins.

Umræddar íbúðir eiga að rísa á landsvæði sem Ísraelar hernundu árið 1967 í sex daga stríðinu. Alls býr nú um hálf milljón Ísraela á svæðinu sem inniheldur meðal annars Vesturbakkann, Austur-Jerúsalem og Golan-hæðir. Málið hefur síðan þá verið tilefni deilna milli Ísraela og alþjóðasamfélagsins. johannoli@frettabladid.is

evrópu
samvinna

Kynning á tækifærum og styrkjum í Evrópusamstarfi, þriðjudaginn 24. janúar 2017

Háskólanum í Reykjavík kl. 11-13 í Sólinni
Háskóla Íslands kl. 14-16 á Háskólatorgi

Fulltrúar evrópskra samstarfsáætlana og þjónustuskrifstofa ásamt sendinefnd ESB kynna styrki og samstarfsmöguleika.

Tækifæri fyrir skóla, fyrirtæki, stofnanir og samtök að kynna sér möguleika til evrópsks samstarfs á flestum sviðum menntunar, menningar og atvinnulífs.

Allir velkomnir!

www.evropusamvinna.is



FERSKUR FISKRETTUR

Gufubakaður fiskur með kúrbítsteningum, rauðlauk og chili, kórónaður með kókóslímónu jóгурtsósu, er tilvalinn fyrir fjölskylduna eftir hátíðarmatinn.

Mikið úrval heilsuuppskrifta er að finna á gottimatinn.is. Uppskriftavefurinn er jafn aðgengilegur í tölvunni, spjaldtölvunni og snjallsímanum.

Hollustan hefst á gottimatinn.is

GERÐU ÞIG AÐ
VERÐMÆTARI
STARFSMANNI

BÓKHALDS- OG SKRIFSTOFUNÁM

Fjöldi öflugra og hagnýtra námskeiða í boði, jafnt fyrir þá sem þurfa að fá haldgóðan grunn eða lengra komna sem vilja öðlast dýpri þekkingu og færni.



FRÆÐSLUSKÝIÐ



STAÐKENNSLA

LÁNSÞÆFT
NÁMFJARKENNSLA
Í BEINNI

BÓKHALD – GRUNNUR

- Hnitmiðað nám fyrir starfandi skrifstofu- og verslunarfólk eða þá sem hafa hug á að starfa á þeim vettvangi. Hentar einnig einstaklingum með sjálfstæðan atvinnurekstur sem vilja vera að mestu sjálfstæðir við bókhaldið.

Hefst **1. febrúar** • Morgun- og kvöldhópur • **22 skipti**

BÓKARANÁM FYRIR LENGRA KOMNA

- Sérlega hagnýtt framhaldsnámskeið í bókhaldi sem hentar þeim sem hafa einhverja bókhaldsreynslu eða hafa lokið tölvu-, skrifstofu- og bókhaldsnámi en vilja ná dýpri þekkingu og færni í bókhaldi. Einnig kjörinn undirbúningur fyrir námið „Viðurkenndur bókari“. Kennsla fer að mestu leyti fram í formi verklegra æfinga með raunhæfum verkefnum.

Hefst **21. febrúar** • Morgun- og kvöldhópur • **24 skipti**

UPPLIFUN NEMENDA

” Nám sem nýtist mér beint í starfi. Einstakt að geta tekið allt í fjarnámi án þess að þurfa sérstakan búnað til. Góð tímasetning.
Signý Björk Kristjánsdóttir, bókaránám fyrir lengra komna.

AF HVERJU NÁM HJÁ PROMENNT?

- Persónuleg þjónusta og mikil aðstoð við nemendur.
- Náið samstarf við atvinnulífið.
- Mikill hluti nemenda Promennt hefur fengið ný starfstækifæri að loknu námi.
- Nemendur hafa val um staðkennslu og/eða fjarkennslu í beinni ásamt góðum stuðningi með fræðsluskýinu sem inniheldur upptökur af völdum hlutum námskeiðanna.

FRAMABRAUT – VIÐURKENNDUR BÓKARI

- Markmiðið með þessari námsbraut er að nemendur öðlist þá hæfni sem þarf til að geta skarað fram úr í bókhaldsvinnu og verði vel undirbúin fyrir próf til viðurkenningar bókara á vegum atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytisins.

- Námið skiptist í sex hluta:
 - Bókhald – grunnur
 - Bókaránám fyrir lengra komna
 - Skattskil einstaklinga með rekstur
 - Viðurkenndur bókari

Hefst **1. febrúar** • Lýkur í desember 2017

SKRIFSTOFUSKÓLI 1 OG 2

EINSTAKT VERÐ

- Tvær mjög gagnlegar námsbrautir í samstarfi við Framvegis fyrir þá sem hafa áhuga á að ná frama með almennum skrifstofustörfum, styrkja kunnáttu sína eða nota sem grunn fyrir frekara nám.

Skrifstofuskólinn er ætlaður fólki sem er 20 ára eða eldra og hefur stutta formlega skólagöngu að baki. Námsbrautin er styrkt af Fræðslusjóði og er þess vegna hægt að bjóða hana á ótrúlegu verði, eða **52.000 kr.** (hver námsbraut) í stað 249.000 kr.

Hefst **1. febrúar** • Morgun- og kvöldhópur • **48 skipti**

STÖK NÁMSKEIÐ

	SKIPTI	HEFST
Excel fyrir bókara	3	21. feb.
Excel frh. og Pivot greiningar	3	21. feb.
Excel grunnur	4	23. feb.
Skattskil einstaklinga með rekstur	6	29. mar.
Navision fjárhagsbókhald	9	6. mar.
Inngangur að reikningskilum	4	11. maí

FRÁBÆR VERÐ
FRÁ
56.900 KR

VELDU ÞÍNA PARADÍS

STÓRAR GISTINGAR BÓKAST FYRST! BETRA VERÐ

VINSÆLT ALLT ÁRIÐ

TENERIFE 24. - 30. ÁGÚST



SUITES AT BEVERLY HILLS ★★★

Verð frá **72.400 KR.*** / 92.800 KR.**

TENERIFE SUR ★★★

Verð frá **69.900 KR.*** / 90.400 KR.**

FANABE COSTA SUR ★★★★★

Verð frá **85.400 KR.*** / 106.200 KR.**

MEÐ
MORGUN-
VERÐI

EIN EYJA
MARGIR STAÐIR

GRAN CANARIA 28. JÚNÍ - 5. JÚLÍ



TENEGUIA ★★

Verð frá **57.700 KR.*** / 69.400 KR.**

CORDIAL MORGÁN VALLE ★★★

Verð frá **62.500 KR.*** / 78.700 KR.**

BAOBAB RESORT ★★★★★


Verð frá **106.300 KR.*** / 127.600 KR.**

5
★★★★
STJÖRNU
HOTEL

MEÐ
HÁLFU
FRÉDI

ALLT FYRIR ALLA

MALLORCA 29. MAÍ - 8. JÚNÍ 10 DAGAR



FONTANELLAS PLAYA ★★★★★

Verð frá **83.900 KR.*** / 121.900 KR.**

VIVA CAN PICAFORT ★★★★★

Verð frá **93.800 KR.*** / 141.500 KR.**

VIVA PALMANOVA ★★★★★

Verð frá **112.700 KR.*** / 179.400 KR.**

Innifalið í verði er flug, skattar, gisting og íslensk fararstjórn

SPENNANDI BORGAR-, SÉRFERÐIR OG SIGLINGAR // SKIPULEGGJUM FERÐI



BÚDAPEST MARGAR BROTTFARIR Í VOR.

VERÐ FRÁ **87.800 KR.**

RADISON BLU ★★★★★

Verð á mann í tvíbýli m. morgunverði. Íslenskur fararstjóri



FENEYJAR 3.-6. MARS

VERÐ FRÁ **157.000 KR.**

HOTEL CARLTON GRAND CANAL ★★★★★

Verð á mann í tvíbýli m. morgunverði. Íslenskur fararstjóri



VERONA 3.-6. MARS

VERÐ FRÁ **88.900 KR.**

HOTEL IBIS VERONA ★★★

Verð á mann í tvíbýli.



ÚRVAL ÚTSÝN

FYRIR SUMARIÐ 2017

Á RAUÐUM DÖGUM NÁNAR.UU.IS

FLOTT FYRIR
FJÖLSKYLDUR

ALMERIA 26. MAÍ - 2. JÚNÍ



HOTEL PLAYACAPRICO ★★★★★

Verð frá **64.900 KR.*** / 77.100 KR.**

ARENA CENTER ★★★★★

Verð frá **66.500 KR.*** / 87.000 KR.**

BEST SABINAL ★★★★★

Verð frá **82.400 KR.*** / 105.000 KR.**

MEÐ
HÁLFU
FÆÐI

FALLEGUR
STRANDBÆR

ALBIR 25. ÁGÚST - 2. SEPTEMBER



LAS TERRAZAS DEL ALBIR ★★★★★

Verð frá **73.300 KR.*** / 94.400 KR.**

ALBIR PLAYA ★★★★★

Verð frá **79.900 KR.*** / 107.700 KR.**

MEÐ
MORÐUN-
VERÐI

HOTEL KAKTUS ★★★★★

Verð frá **87.900 KR.*** / 107.100 KR.**

MEÐ
HÁLFU
FÆÐI

FJÖRUGT STRANDLÍF

BENIDORM 16. - 23. MAÍ



FLAMINGO OASIS ★★★★★

Verð frá **87.500 KR.*** / 103.400 KR.**

PARAISO CENTRO ★★

Verð frá **56.900 KR.*** / 70.100 KR.**

HOTEL MEDITERRANEO ★★★★★

Verð frá **77.900 KR.*** / 104.900 KR.**

NÝTT
HÓTEL
ALLT
INNIFALIÐ

MEÐ
HÁLFU
FÆÐI

* Verð á mann m.v. 2 fullorðna og 2 börn // ** Verð á mann m.v. 2 fullorðna

RYR FYRIR ALLAR GERÐIR AF HÓPUM // SENDU OKKUR LÍNU Á HOPAR.UU.IS

• SÉRTILBOÐ •

GOLF Á PALANTIO 4. - 11. APRÍL

VERÐ FRÁ **169.900 KR.**

PLANTIO GOLF RESORT ★★★★★

Ótakmarkað golf og allt innifalið m.v. 4 í íbúð.

THAILAND Í APRÍL

VERÐ FRÁ **299.900 KR.**

FRAMANDI SLÓÐIR Í 14 DAGA

Verð á mann í tvíbíli. Íslenskur fararstjóri

SIGLING / AUSTUR KARÍBAHAF

VERÐ FRÁ **319.900 KR.**

FARARSTJÓRI SR. HJÁLMAR JÓNSSON 20. OKT. - 1. NÓV.

Verð á mann í innri klefa.

Úrval Útsýn | Hlíðasmára 19 | 201 Kópavogi | 585 4000 | uu.is

Allt í lagi?



Kristín Þorsteinsdóttir
kristin@frettabladid.is

V aldataka Donalds Trump endurspeglar úlfúðina, sem einkennir stjórnmálin á Vesturlöndum. Enginn forseti hefur tekið við lykklavöldum í Hvíta húsinu með minni tiltrú almennings í vega-nessi. Fáir fráfarandi forsetar hafa aftur á móti notið ámóta hylli og Obama naut á lokadegi.

Vissulega gekk ekki allt upp í tíð Obama. Illræmdar Guantanamo fangabúðir á Kúbu, þar sem meintum óvinum Bandaríkjanna er haldið fongnum á vafa-sómum forsendum, eru enn við lýði. Umbætur í heilbrigðiskerfinu urðu minni en fyrirheitin. Fjármála-kerfið er ógnandi, líkt og fyrir átta árum. Misskipting auðs vex. Fleira mætti upp telja.

Þingið var Obama mótdrægt, en hann var raunsær, varkár og yfirvegaður – vildi frekar mjaka málum áleiðis en tapa orrustum til þess eins að guma af því að hafa tekið slaginn. Stærsta baráttumálið var Obama-care. Þótt margir sitji óbættir hjá garði í heilbrigðis-kerfinu njóta 30 milljónir nú trygginga, sem ekki nutu þeirra áður. Hann afnam viðskiptabann á Kúbu, fullgilti Parísarsáttmálann og jók tiltrú á Bandaríkin eftir ítrekað klúður forvera síns, Bush yngri.

Lokaekinnur um feril Obama liggja ekki fyrir. En hans verður órugglega minnst fyrir að blása lífi í ameríska drauminn, sem margir höfðu afskrifað. Afkomandi geitahirða í Kenýa og hvítrar konu frá Kansas, stjúp-sonur múslima frá Indónesíu, ber millinafnið Hussein meðan múslimar eru litnir hornauga – og alinn upp hjá afa og ömmu, alþýðufólki á Hawaii. Svo viðurkenndi hann bernskubrek eins og grasreykingar og fíkt við kókein – en varð forseti.

Ameríski draumurinn rætist varla með skýrari hætti. Það gerðist ekki fyrirhafnarlaust. Obama lauk grunnnámi í Columbia, einum virtasta skóla Bandaríkjanna, sótti framhaldsnám við lagadeild Harvard háskólans, ritstýrði skólablaðinu, Harvard Law Review, riti sem fræðasamfélag heimsins vitnar í og skrifaði metsölubók.

Honum stóðu allar dyr opnar. Finustu lögmanns-stofur buðu fylgur fjár. Hann gat valið úr stöðum hjá virtum dómurum. En hann kaus að styðja starf fyrir fólk sem átti undir högg að sækja í Chicago. Þessi saga skiptir Bandaríkjamenn miklu máli. Hún er lifandi vitnisburður um að þrátt fyrir allt þarf hæfileikafólk ekki að fæðast með silfurskeið í munni til að komast alla leið.

En uppruninn var Obama oft fjötur um fót. Mörgum Bandaríkjamönnum finnst fólk af afrísku bergi brotið ekki eiga erindi á æstu staði. Margir telja að and-byrinn hafi stundum verið fyrir það hver hann er en ekki við málefnið sem hann stóð fyrir. Hann hafi ekki fengið það fulltingi, sem atgervi hans og málstaður gaf tilefni til.

Arftakinn er sárásti ósigur Obama. Á síðasta blaðamannafundinum vantaði sannfæringarkraftinn í fas þessa mikla mælskusnillings þegar hann sagði hikandi: "Ég held að þetta verði í lagi." Vonandi reynist spá hans rétt þótt fyrstu dagar Trump í valdamesta embætti heimsins gefi tilefni til að klóra sér í kollinum.

Halldór



Á síðasta blaðamannafundinum vantaði sannfæringarkraftinn í fas þessa mikla mælskusnillings þegar hann sagði hikandi: "Ég held að þetta verði í lagi."

Frá degi til dags

Áskorunin

Alþingi kemur saman í fyrsta skipti efir jólaeyfi á morgun. Þetta er jafnframt í fyrsta skipti sem þingið kemur saman eftir að ný ríkisstjórn er mynduð. Spenna verður að glugga í þingmálaskrá ráðherra. Eitt af því sem verður spennandi að sjá er hvort hugmyndir um gjaldtöku á ferðamannastöðum, til verndar náttúruauðlindum verði að veruleika eða ekki. Mun nýr ráðherra ferðamála hafa þor til að leggja fram þingmál sem forvera hennar í embætti tókst ekki að sigla í gegnum þingið þótt hann fengi til þess næstum heilt kjörtímabili.

Umvöndunin

Karl Garðarsson, fyrrverandi þingmaður Framsóknarflokksins, segir það aldrei hafa verið gáfulegt að gera fjölmiðla að óvinum sínum. Þetta sagði hann í tilefni af því að starfsmannastjóri Hvíta hússins sakaði fréttamenn í nýliðinni viku um að flytja platfréttir að yfirlögðu ráði. Karl veit viti sínu þegar kemur að fjölmiðlum enda hefur hann áratuga reynslu af starfi á þeim vettvangi. En hann hefði nú mögulega getað sagt sínum eigin formanni, Sigmundi Davíð Gunnlaugssyni, þetta sama á síðasta kjörtímabili. Þá hefði gangur mála hjá Sigmundi Davíð og Framsóknarflokki í heild sinni mögulega orðið allt annar á árinu 2016.

jonhakon@frettabladid.is

#sendustráum



Lovisa Árnadóttir
upplýsingafull-
trúi Samorku

Hvernig væri lífið án rafmagns? Í nútíma samfélagi er svarið við þeirri spurningu líkleg: Óhugsandi. Við tökum því sem sjálfsögðum hlut að hverjum degi. Langt skammdegið hefur engin áhrif á okkar daglega líf og við njótum þeirra forréttinda að orkan okkar er ódýr og um leið hrein, þar sem nær öll raforkuframléiðsla á Íslandi er með endurnýjanlegum hætti. Stór hluti mannkyns býr við allt annan veruleika.

Alls búa 1,3 milljarðar manna við takmarkað aðgengi að rafmagni. Steinolia er til dæmis aðalorkugjafi heimila í fjölmörgum löndum Afríku. Olian er dýr og gufurnar frá henni eru skaðlegar, sérstaklega börnum. Þrátt fyrir það eiga margar fjölskyldur ekki annan kost eftir að sólin er sest en birtu frá steinolíulampa til að geta athafnað sig við einföld heimilisstörf og börnin við heimanám.

Dagur rafmagnsins hefur verið haldinn hátiðlegur þann 23. janúar á Norðurlöndunum um nokkurra ára skeið. Honum er ætlað að minna á að rafmagn er ekki sjálfgefið og að við gefum því stóra hlutverki sem það spilar í lífi okkar meiri gaum. Um leið er tilvalið að láta gott af sér leiða.

Í tilefni af degi rafmagnsins ætlar SAMORKA, í samstarfi við sænsk-afríska félagið Givewatts, að hjálpa bæjarbúum í Kendu Bay í Kenýa að skipta yfir í endurnýjanlegan orkugjafa, líkt og þá sem við búum við hér á landi, í formi sólarorkulampa. Sólarorkulampinn gefur góða birtu fyrir heimili og skóla og hægt er að nota hann til að hlaða farsíma. Hann gefur kost á betri heilsu, hjálpar börnum að ná markmiðum sínum í námi og yfir undir hraðari þróun samfélagsins. Að auki leggjum við okkar af mörkum í að draga úr notkun jarðfarnaeldsneytis í heiminum – margt smátt gerir eitt stórt.

Taktu þátt í degi rafmagnsins með okkur. Sendu straum þangað sem þörfin er mest með því að deila mynd af gildi rafmagns í þínu daglega lífi á Facebook/Instagram og merktu hana #sendustráum. Fyrir hverja mynd sem berst leggur SAMORKA 300 kr. til verkefnisins. Markmiðið er að koma yfir 100 sólarorkulömpum til fjölskyldna í Kendu Bay.

Til hamingju öll með dag rafmagnsins



Fyrir hverja mynd sem berst leggur SAMORKA 300 kr. til verkefnisins. Markmiðið er að koma yfir 100 sólarorkulömpum til fjölskyldna í Kendu Bay.



AUKIN ÞJÓNUSTA VIÐ EIGENDUR VW

- Bílson er sérhæft og vottað þjónustuverkstæði sem uppfyllir allar ströngustu kröfur Volkswagen.
- Fullkomin forgreiningarstöð þar sem greina má flest allt um ástand bílsins og gæði.



Volkswagen

Við leitumst við að vera samstíga því besta í Evrópu. Komið, sjáið og sannfærist.

bilson
- VERKSTÆÐIÐ -

Kletthálsi 9 • Sími 568 1090

Kletthálsi 9 • 110 Reykjavík • Sími 568 1090 • bilson@bilson.is • bilson.is

Ekki góður dagur fyrir íslensku gullþjálfarana frá 2016

Kveðjuleikurinn Dagur Sigurðsson gengur niðurlátur af velli eftir að Evrópumeistarar Þýskalands töpuðu fyrir Katar, 20-21, í 16-liða úrslitum á HM í Frakklandi í gær. Þetta var síðasti leikur Dags með þýska liðið en hann er sem kunnugt er að fara að taka við japanska landsliðinu. Ólympíumeistararnir hans Guðmundar Guðmundssonar féllu einnig óvænt úr leik í gær. Danir töpuðu 27-25 fyrir Ungverjum í síðasta leik Guðmundar með danska liðið á stórmóti. Sviar, undir stjórn Kristjáns Andréssonar, eru hins vegar komnir áfram. NORDICPHOTOS/GETTY

Þetta eru ofboðslega flottir drengir

Þó svo landsliðsþjálfarinn Geir Sveinsson sé svektur að vera á leið heim þá er hann mjög ánægður með margt hjá íslenska liðinu á HM. Hann lítur björtum augum til framtíðarinnar með drengjum sem hann er afar stoltur af. Breiddin í landsliðinu er orðin meiri.



Henry B. Gunnarsson
henry@frettabladid.is

HANDBOLTI Geir Sveinsson landsliðsþjálfari var svektur en yfirveg-
aður eftir að íslenska landsliðið lauk
keppni á HM eftir tap, 31-25, gegn
Frökkum fyrir framan 28 þúsund
áhorfendur í Lille. Ótrúleg umgjörð
og þvítík reynsla fyrir okkar lið að fá
að taka þátt í þessum leik.

„Það er alltaf sama tilfinningin
eftir tapleik. Þá er maður svektur.
Maður fer strax að hugsa um þennan
litla kafla í upphafi seinni hálf-
leiks. Af hverju, því ég hafði góða
tilfinningu fyrir þessu eftir hálfleik-
inn. Það er verið að dæma á okkur
hluti sem mér finnst ekki vera réttir.
Eins og skrefin á Óla Guðmunds.
Þetta er líka það öflugt og gott lið að
okkur er refsað um leið,“ segir Geir
en hann var þó ánægður með við-
horf sinna manna eins og nokkrum
sinnum áður á þessu móti.

„Við hættem aldrei sem var
jákvætt því ég hafði þínu áhyggjur
um tíma að menn hefðu misst trú
á verkefninu og því sem við vorum
að gera. Við náðum að gíra okkur
aftur inn og komum mjög flottir í
lokakaflann. Ég taldi að við hefð-

um getað labbað í burtu með 2-3
marka tap. Það var fullt af jákvæðu.
Ég hamraði mikið á því að menn
myndu skilja allt eftir á gólfinu.
Ekki sjá eftir neinu er menn löbb-
uðu af þessum frábæra velli. Ég
er stoltur af drengjunum, stoltur
af viljanum og stoltur af frammi-
stöðunni.“

Geir lagði upp með margt á þessu
móti. Meðal annars að breikka hóp-
inn og gefa yngri, sem og reynslu-
minni mönnum tækifæri. Leyfa
þeim að spila og gera sín mistök.
Það sé nauðsynlegt til þess að þeir
verði betri.

„Okkur hefur tekist að breikka
hópinn og fjölga leikmönnum í
landsliðinu. Menn sem voru í minni
hlutverkum eru farnir að stiga upp
og ég tala ekki um alla þá sem hafa
aldrei farið á stórmót. Þetta var
kærkomið. Ég fékk fullt af svörum
líka í þessu móti,“ segir Geir en hann
var ekki alveg viss um að hann fengi
öll þessi svör eftir undirbúningslei-
kina í Danmörku.

„Þá voru sumir hlutir ekki 100
prósent og við vorum ekki vissir um
að sumir hlutir myndu smella sem
gerðu það. Ég er auðvitað gríðar-
lega ánægður með varnarleikinn
heilt yfir á þessu móti. Ég vil meina
að við höfum byggt upp virkilega
massífa vörn. Vörnin í fyrri hálfleik
í kvöld var stórkostleg. Sjáðu hverjir



Geir Sveinsson segir mönnum til á hliðarlínunni. NORDICPHOTOS/GETTY

spiluðu fyrir Frakka. Þeir gátu aldrei
leyft sér að slaka á. Markmiðið var
að leggja inn fyrir framtíðinni og
það hefur verið flottur stígandi. Við
eigum kafla í hverjum einasta leik
sem hefur kostað okkur eitthvað en
það er fórnarkostnaðurinn. Hlut-
irnir koma með reynslunni.“

Það er ekki bara að Geir sé búinn
að stækka hópinn heldur á liðið inni
einn besta handboltamann heims í
Aroni Pálmarsyni.

„Það skemmir auðvitað ekki fyrir.
Samt sem áður held ég að margir

hafi stigið meira upp af því að Aron
var ekki með okkur. Það þjappaði
hópnum saman. Á sama tíma og við
söknudum hans var það áskorun
fyrir drengina að spila án hans. Það
skilaði klárlega miklu fyrir liðið,“
segir Geir en hann ætlar að halda
áfram að þjálfa liðið og er bjartsýnn
á framtíðina.

„Það má líka koma fram að and-
inn í þessari ferð hefur verið ein-
stakur. Þetta eru ofboðslega flottir
drengir og það eru forréttindi að fá
að vinna með þeim.“

Þjálfararnir íslensku þjálfararnir á HM

Guðmundur Guðmundsson
Á heimleið
Eftir að hafa unnið
alla leikina í riðla-
keppninni féllu Danir
úr leik í 16-liða úr-
slitum eftir 27-25 tap
fyrir Ungverjum. Þetta
var síðasti leikur danska liðsins undir
stjórn Guðmundar á stórmóti.



Dagur Sigurðsson
Engin vandamál
Eins og á síðasta
heimsmeistaramóti
sló Katar Þýskaland
úr leik. Katarar unnu
leikinn 20-21. Þetta var
væntanlega ekki óska-
endurinn hjá Degi Sigurðssyni sem er
að hætta með þýska liðið.



Kristján Andrésson
Áfram eftir risasigur
Strákarnir hans
Kristjáns rústuðu
Hvít-Rússum, 22-41,
og eru komnir í 8-liða
úrslit þar sem þeir
mæta heimsmeisturum
og heimamönnum Frakka. Leikurinn
fer fram í Lille annað kvöld.



HM 2017 Frakklandi **FRAKKLAND - ÍSLAND 31-25**



PUNGUR RÓÐUR HJÁ STRÁKUNUM OKKAR GEGN HEIMSMEISTUR

Hættulegustu mennirnir
Mörk + stoðsendingar

- 10 Rúnar Kárasón 7+3
- 5 Arnór Atlason 2+3
- 4 Bjarki Már Elisson 4+0
- 4 Ólafur Guðmundsson 4+0
- 4 Ómar Ingi Magnússon 1+3
- 3 Janus Daði Smárson 3+0

16 Frakkarnir Daniel Narcisse (10) og Nicola Karabatic (6) áttu saman 16 stoðsendingar í leiknum.



Tímalína: Gangur leiksins í fyrri hálfleik



Besti maður Íslands

Bjarki Már Gunnarsson átti frábæran leik í miðri vörn íslenska liðsins. Var ekki í hóp í fyrsta leik en stimplaði sig betur og betur inn með hverjum leiknum.



Hvað gekk vel og hvað illa?

Tölur íslenska liðsins í helstu tölfræðipáttum í samanburði við tölur mótherjanna.

Varin skot markvarðar	-5	58%	Skotnýting Íslands í leiknum
Mörk með langskotum	+3		
Mörk úr hornum	0	23%	Markvarsla Íslands í leiknum
Mörk af línu	-7		
Hraðaupphlaupsmörk	-1		
Mörk úr annarri bylgju	-1		
Gegnubrotsmörk	-1		
Tapaðir boltar	-7		
Stoðsendingar	-10		

Tímalína: Gangur leiksins í síðari hálfleik



■ Ísland yfir ■ Ísland undir

FRANCE 2017 **HM 2017 – 16 liða úrslit**

Frakkland - Ísland 31-25

Mörk Íslands (Skot): Rúnar Kárasón 7 (12), Bjarki Már Elisson 4 (5), Ólafur Guðmundsson 4 (7), Janus Daði Smárason 3 (4), Arnór Þór Gunnarsson 2 (2), Arnór Atlason 2 (6), Bjarki Már Gunnarsson 1 (1), Gunnar Steinn Jónsson 1 (1), Ómar Ingi Magnússon 1/1 (3/1), Björgvin Páll Gústavsson (1), Arnar Freyr Arnarsson (1).
Varin skot: Björgvin Páll Gústavsson 7 (31/2, 23%), Aron Rafn Eðvarðs. 2 (9, 22%).
Hraðaupphlaup: 5 (Rúnar Kárasón 2, Bjarki Már Elisson 1, Arnór Þór, Arnór Atlason).
Fiskuð víti: 1 (Kári Kristján Kristjánsson)
Mörk Frakkland (skot): Michaël Guigou 6/2 (8/2), Ludovic Fabregas 5 (6), Nedim Remili 5 (8), Daniel Narcisse 4 (7), Nikola Karabatic 4 (10), Cédric Sorhaindo 3 (4), Valentin Porte 2 (2), Luc Abalo 1 (1), Adrian Dipanda 1 (2), Thierry Omeyer (1).
Varin skot: Thierry Omeyer 14 (39/1, 36%).

Noregur - Makedónía 34-24

Jondal 6, Tangen 6 - Lazarov 6/3.

Rússland - Slóvenía 26-32

Dereven 5, Shishkarev 5 - Cingesar 6.

Brasilía - Spánn 27-28

Silva 7 - Canellas 5, Dujshbaev 5

Hv. Rússland - Svíþjóð 22-41

Artsem Karalek 7 - Jim Gottfridsson 8.

Ungverjaland - Danmörk 27-25

Mate Lekai 6 - Mikkel Hansen 8.

Þýskaland - Katar 20-21

Patrick Groetzkki 4 - Rafael Capote 9.

Króatía - Egyptaland 21-19

Zlatko Horvat 6 - Ahmed Elahamar 5.

8 liða úrslit

Á morgun, þriðjudag 24. janúar

16.00 Noregur - Ungverjal. Albertv.

18.00 Frakkland - Svíþjóð Lille

19.45 Slóvenía - Katar Paris

19.45 Spánn - Króatía Montp.



Ungstirnidi Ludovic Fabregas reyndist íslensku vörninni erfiður í leiknum á laugardaginn. Hér skorar hann eitt fimm marka sinna án

HM gefur okkur von um

Strákarnir okkar sýndu ítrekað á HM að þeir hafa fulla burði til að vera samkeppnishafar. Mörg jákvæð skref til framtíðar voru stigin í Frakklandi og á því mun landsliðið græða



Henry B. Gunnarsson
henry@frettabladid.is

HANDBOLTI Strákarnir okkar luku keppni á HM um helgina. Liðið tapaði þá með sæmd gegn ríkjandi heimsmeisturum fyrir framan 28 þúsund Frakka sem létu vel í sér heyra. Sögulegur leikur því aldrei hafa fleiri áhorfendur mætt á leik á HM. Umgjörðin var stórkostleg og okkar lið fékk heldur betur dýrmæta reynslu í þessum leik sem og á mótinu. Fyrstu 20 mínútur fyrri hálfleiks voru stórkostlegar. Vörnin geggjóð með Bjarka Má Gunnarsson í broddi fylkingar og uppstilltur sóknarleikur gekk ljómandi vel þrátt fyrir engin mörk úr hornum eða línu. Liðið kastaði ekki frá sér boltanum og var agað. Fimm tapaddir boltar á síðustu tíu mínútunum þýddu að Frakkar leiddu með einu marki í hálfleik, 14-13. Fimm tapaddir boltar á fyrstu tíu mínútum síðari hálfleiks í bland við lélega vörn og enga markvörslu gerði svo út um leikinn. Okkar menn sýndu karakter, dug og þor með því að koma

til baka en andstæðingurinn var einfaldlega of sterkur. Þetta hefur verið mjög lærdómsríkt mót og liðið hefur stigið mörg jákvæð skref fram á við. Neikvæðniþessar munu tala um að liðið hafi bara unnið einn leik á mótinu en liðið var líka bara einu marki frá því að vinna Túnis og Makedóníu. Eitt mark vantaði líka til að taka stig af Slóveníu. Það vantaði ansi oft herslumuninn og það má að mörgu leyti skrifa á reynsluleysi. Vissulega var þetta ekki bara ungt lið en þeir sem eldri eru hafa takmarkaða reynslu af stórmótum. Gullkynslóðin okkar var það frábær að þeir voru í raun ekki að fá alvöru tækifæri fyrir en núna. Óhætt er að segja að Rúnar Kárasón hafi nýtt það tækifæri manna best. Frábært mót hjá honum í sókn sem og vörn. Hann sýndi líka viljann til þess að vera leiðtogi. Hann er sterkur karakter sem vill taka skotin sem öllu skipta. Ólafur Guðmundsson stimplaði sig inn sem sterkur varnarmaður en við fengum ekki það frá honum í sókninni sem vonast var eftir. Hann sýndi þó í fyrri hálfleik gegn Frökkum hvað hann getur en þessir kaflar eru

SAGT EFTIR LEIKINN GEGN FRAKKLANDI

Ánægður og stoltur af strákunum

„Það er leiðinlegt að þetta sé búið en ég er ótrúlega ánægður og stoltur af strákunum,“ sagði Guðjón Valur Sigurðsson eftir Frakkaleikinn. „Það var frábært hvernig við spilðum fyrri hálfleikinn og gefur vonandi góð fyrirheit um framhaldið. Auðvitað vildum við komast lengra en þetta var erfitt í dag enda að spila við frábært lið. Mér fannst æðislegt að sjá stemninguna og trúna í liðinu. Menn fá stóran plús fyrir það.“

of fáir og hann gerir enn of mörg mistök. Hvort hann nái nokkurn tímann þeim hæðum sem vonir stóðu til verður tíminn að leiða í ljós. Ísland eignaðist á þessu móti nýjan heimsklassahornamann í Bjarka Má Elissyni. Óttalaus og fánalega hæfi-

SPORTPAKKINN ALLA DAGA 18:55

NFL DEILDIN

AÐEINS Í SPORTPAKKA STÖÐVAR 2

FRÉTTIR SPORTPAKKINN Í OPINNI DAGSKRÁ

BÆTIR ÚTLIT ÖRA SVO UM MUNAR

María Rún fékk alls 3869 stig, 287 stigum meira en Irma. Ásgerður Jana fékk svo 3180 stig. – íps

Tristan Freyr




Þau áttu helgina

Rakel Dögg Bragadóttir

leikmaður Stjörnumnar í Olís-deild kvenna í handbolta

Rakel Dögg skoraði 12 mörk þegar Stjarnan vann góðan sigur á ÍBV í Eyjum, 31-33, á laugardaginn. Rakel Dögg hefur verið iðin við kolann að undanförunu en hún skoraði níu mörk þegar Stjarnan vann Val, 23-22, um síðustu helgi. Rakel Dögg, sem tók fram skóna á ný um mitt síðasta tímabil, er óðum að ná fyrri styrk og lætur alltaf meira að sér kveða í sókninni. Stjörnukonur eru í 2. sæti Olís-deildarinnar með 19 stig, fjórum stigum á eftir toppliði Fram sem er enn ósigrað í vetur.



Kristófer Acox


leikmaður körfuboltaíðs Furmanháskólans í Bandaríkjunum

Kristófer átti afbragðs leik þegar Furman bar sigurorð af VMI, 89-72. Kristófer var stíghæstur í liði Furman með 18 stig en hann hitti úr átta af níu skotum sínum utan af velli. Íslenski landsliðsmaðurinn var sérlega öflugur í fyrri hálfleik þar sem hann skoraði 12 af 18 stigum sínum. Kristófer tók einnig sex fráköst, gaf þrjár stöðsendingar og stal boltanum þrisvar sinnum í leiknum. Þetta var tólfri sigur Furman í vetur í 20 leikjum. Kristófer er á sínu fjórða ári hjá Furman háskólanum í Suður-Karólínu. Í 20 leikjum í vetur er Kristófer með 12,8 stig, 7,0 fráköst og 1,2 stöðsendingar að meðaltali. Skotnýting Kristófers er frábær, eða 59,6%.

Freydís Halla Einarsdóttir

landsliðskona í alpagreinum á skíðum

Freydís Halla, A-landsliðskona í alpagreinum á skíðum, varð þriðja í svigi á háskólamóti í Vermont fylki í Bandaríkjunum á laugardagskvöldið. Keppt er á Whiteface skíðasvæðinu en Freydís var aðeins 68/100 sekúnda á eftir sigurvegaranum Paula Moltzan frá Bandaríkjunum. Mótið var sterkt og náði Freydís, sem er á 23. aldursári, í 22.819 FIS punkta sem er hennar besti árangur á ferlinum.



Listin og mannhelgismálið

Í DAG



Guðmundur Andri Thorsson

Á dögunum var haldinn fundur í HÍ um mörkin á notkun rithöfunda á raunverulegum atvikum og örlögum annars fólks í verkum sínum. Þetta er flókið mál með margar hliðar, og var mjög vel reifað af háskólafélkinu eins og má sjá á Facebooksíðu Hugvísindasviðs HÍ.

Návigi og skávigi

Sjálfur hef ég ekki eindregnar skoðanir á þessu, eiginlega frekar tví- eða þrídregnar, eða kannski öllu heldur ódregnar. Við búum í litlu samfélagi – eins og við finnum öll sterkt um þessar mundir. Við þurfum að sýna hvert öðru tillitssemi en sú krafa getur stangast á við það hlutverk listamanna að gera hið kannuglega annarlegt – og öfugt. Þessi áreksstur getur verið óhjákvæmilegur, oft sársaukafullur – en það er misskilningur að það verði sjálfkrafa til listaverk um leið og hann á sér stað. Það er ekkert listrænt í sjálfu sér við að hneyksla og særa.

Listamenn eru ekki hafnir yfir siðamörk þótt þeir starfi oft á þeim mörkum. Raunar mætti segja að það leggi fólki sérstakar skyldur á herðar að stunda listir. Áhrifaríkt listaverk opnar sérstakan aðgang að hugskoti njótenda og listamenn njóta sérstakra tjáningarfríðinda í samfélaginu. En þetta skáldaleyfi geta listamenn ekki umgengist af léttúð eða án þess að mega vænta þess að fólk bregðist við.

Návigið hér og skávigið, oft þvert á stéttir og landshluta, auðveldar rithöfundum aðgang að ómótstæði-

legu efni – en gerir þeim jafnframt erfiðara fyrir en ella: að þurfa að standa frammi fyrir einhverjum sem segir: Var nú ekki óþarfi að vera að skrifa um þetta? Og þá þarf að vera hægt að svara: Nei, þess þurfti. Við þekkjum það mörg sem fáumst við skriftir að hitta fólk sem vill segja sögu sína og býður manni ævi sína til frjálsra afnota: „Þú mátt nota þetta eins og þú vilt.“ Við þekkjum það líka að lesa um fólk í skáldsögu og hitta það svo kannski nokkru síðar á förnun vegi – mörkin milli skáldskapar og veruleika eru hér stundum óljósari en víða annars staðar. Íslendingar hafa löngum haft þörf fyrir að skoða líf sitt sem texta. Það er ein skýringin á þeirri fögru hefð sem hér ríkir í minninga greinaskrifum.

Okkur hættir hins vegar til að einfalda samband skáldskapar og raunveru. Við gerum fyrirmyndaleit of hátt undir höfði og gleymum að lesa skáldverk á eigin forsendum: ekki síst í verkum Halldórs Laxness, sem gerði miklu meira af því að semja upp úr sér en við gerum okkur stundum grein fyrir. Eins og miklir skipstjórar átti hann sér draumkonu sem vísaði honum á auðugri mið í sköpunarhafinu en aðrir áttu aðgang að. Meira að segja þegar hann notfærði sér raunverulegt fólk – til dæmis í Íslandsklukkunni og Atómstöðinni – skapaði hann úr því eitthvað alveg nýtt og kiljanskt.

Sæmd

Sumir höfundar hafa ekki hikað við að taka traustataki „opinbera persónu“ og ráðskast með í eigin texta. Við sem lesur vitum að þetta eru ekki heimildir um viðkomandi raunpersónur, þær eru þarna ekki í sínu lífi, hreyfa sig í bókinni eftir öðrum lögmálum, inni í öðru heilabúi en sínu eigin, eru holdgervingar hugmynda. Kannski ekki ólíkt því að vera skrumskældur í skrípamynd eða áramótaskaupi. Öruglega hvíleitt en fátt við því að gera.

Fólk á samt rétt á sinni sæmd – jafnvel út yfir gróf og dauða. Hver manneskja hefur um sig og líf sitt eitthvað sem kalla má „mannhelgi“ sem alls konar óskráðar en eindregnar umgengisreglur kenna okkur að maður eigi ekki að vaða inn í.

En rithöfundar hafa stundað ólöglegar veiðar í mannhelgi annarra frá elstu tíð. Hallgerður Höskuldsdóttir hefur um aldri átt um sárt að binda af völdum hins óþekktu höfundar Njálu sem í lýsingum sínum á henni fer yfir öll mörk sanngirni. Og þar fram eftir götunum.

Það er hins vegar engin Mannhelgisgæsla til sem dregur höfunda til hafnar þegar þeir hafa verið staðnir að veiðum innan mannhelginnar – nema kannski innra með okkur lesendum þar sem sómakenndin og samliðanin með öðrum togast á við hnýsnina um einkahagi annarra ... Við þurfum að þekkja í sundur skáldskap og svo aftur illgjarnit slaður og óhróður hins vegar. Verra er við að eiga þegar þetta fer saman í einni og sömu bókinni, eins og vill henda.

Skáldsagan veitir visst skjól. Stundum skálkaskjól. Höfundurinn er í einhverjum skilningi í stíkki þegar hann skrifar, leyfist ýmislegt vegna þess að við vitum að skáldskapurinn er vettvangur fyrir drauma og sögur okkar og er mikilvægur hluti af hinu opna og síkvika hugmyndakerfi samfélagsins sem aldrei má gefa einum hópi yfirráð yfir. Við sjáum þetta skjól iðulega misnotað til að jafna einhverjar sakir en segja svo um leið: þetta er bara skáldsaga. Stundum taka höfundar sér vald til að meíða, að því er virðist eingöngu til að fá tilfinninguna fyrir valdi sínu. Hvað er við því að gera? Segja: Var nú ekki óþarfi að vera að skrifa um þetta? Þá þarf höfundurinn að geta svarað: Nei, það var ekki óþarfi, það þurfti að skrifa um þetta.

Pólskukennslu í stað dönskunnar



Guðrún Helga Sigurðardóttir blaðamaður og ökuleiðsögu- maður

Pólverjar eru langstærsti minnihlutahópurinn á Íslandi, nærri 40 prósent af öllum innflytjendum, og þeim fer fjölgandi. Innflytjendur eru um 10 prósent á Íslandi í dag. Pólverjar gætu verið orðnir fimm til sex prósent mannfjöldans eftir nokkur ár eða áratugi og það er fint.

Pólska heyrir oft á Íslandi, það er stundum eina málið sem heyrir á byggingarsvæðum og oft hefur verið erfið að fá þjónustu á íslensku á veitingastöðum og kaffihúsum. Búast má við að Pólverjar verði áfram langstærsti minnihlutahópurinn hér og að hlutfallið haldi áfram að hækka því ekki er ólíklegt að fólk flytjist til landsins meðan störfín eru næg og íslensk fyrirtæki fara til Póllands til að ná í starfsfólk.

Pólsk börn læra íslensku í leikskólum, grunnskólum og á leiksvæðum í hverfinu sínu. Vonandi læra þau móðurmálið sitt líka því þessi börn alast hér upp og verða

pólskumælandi Íslendingar. Þegar ég hlusta á barnabarnið mitt tala íslensku með pólskum áherslum í leik velti ég stundum fyrir mér hvort við Íslendingar ættum ekki að kenna pólsku sem annað, þriðja eða fjórða erlenda tungumálið í grunnskólum eða framhaldsskólum. Það gæti auðveldað samskipti og skilning milli þessara hópa, íslenskumælandi meirihlutans og pólskumælandi minnihlutans.

Þegar ég bjó í Finnlandi á níunda áratugnum var tvítyngið mikið til umræðu. Finnar eru flestir finnskumælandi en sumir þeirra eru sænskumælandi, líklega um fimm prósent. Finnland var öldum saman hluti af sænska konungsríkinu og Svíar fluttust snemma til Finnlands til að setjast þar að. Samkvæmt lögum hafa þessi tvö tungumál því jafna stöðu. Sambúðin hefur ekki verið áreynslulaus en Finnar telja samt mikilvægt að viðhalda stöðu sænsku tungunnar í Finnlandi.

Enginn danskur minnihluti hér

Auðvitað hafa Pólverjar ekki sömu stöðu hér og sænskumælandi yfirstéttin í Finnlandi. En ég velti því samt fyrir mér hvort það sé ekki tímaskekkja að krakkar læri dönsku sem annað erlenda tungumálið í íslensku skólakerfi. Við erum mikið til hætt að tala norðurlandmál í norrænu samstarfi því enskan hefur



Tungumálakunnátta byggir brú. Hún hjálpar okkur að hafa samskipti. Ættum við að bæta við pólsku sem þriðja erlenda tungumálinu í skyldunámi? Eða vali? Ættum við að skipta út dönskunni fyrir pólsku?

tekið yfir. Og hér er enginn danskur minnihluti eins og sá sænski í Finnlandi. Ef pólskan verður jafn algeng hér og sænskan í Finnlandi, er þá ekki eðlilegt að við kennum mál stærsta minnihlutahópsins frekar en að kenna dönsku?

Tungumálakunnátta byggir brú. Hún hjálpar okkur að hafa samskipti. Ættum við að bæta við pólsku sem þriðja erlenda tungumálinu í skyldunámi? Eða vali? Ættum við að skipta út dönskunni fyrir pólsku? Eða ætti pólska bara alls ekkert að vera kennd hér á landi? Þetta er eitthvað sem við þyrftum að velja fyrir okkur.



NÚ ER 20% ÓDÝRARA AÐ ÆFA Í LIT
20% afsláttur af öllum hlaupavörum í janúar

macron

Macron.is | Macron Store Reykjavík | Grensásvegi 16

**Porrablót
Árshátíðir
Grímuböll
Dimmisjón
ofl. & ofl.**

**Ykkar skemmtun....
....okkar fókus**

Hokus Pokus

www.hokuspokus.is
Verslun og vefverslun
Laugavegi 69 S. 551-7955

VIÐ KYNNUM
FRISLAND CLASSIC
TÍMALAUS GÆÐI

GILBERT
ÚRSMIDUR
Laugavegi 62 - sími: 551-4100
www.gilbert.is

J.S. Watch co.
REYKJAVÍK

Byggðu umhverfisvænt hús
-úr krosslímdu tré

Af hverju krosslímt tré?

- Umhverfisvæn og sjálfbær framleiðsla
- Léttari en steypa
- Frábær einangrun
- Engar kuldabryr sem bjóða heim raka og myglu
- Mjög fljótlegt að reisa
- Einstakir burðareiginleikar
- Jarðskjálftþol eins og best getur orðið
- Þynnir veggir - meira innra rými
- Notalegt og heilsusamlegt innra umhverfi

IDEX

Smíðjuvegi 3 - 200 Kópavogur - Sími 412 1700
idex@idex.is - www.idex.is

Byggðu til framtíðar
með lausnum frá IDEX

TÍMAMÓT



Merkisatburðir

- 1907** Jón forseti kom til landsins. Hann var fyrsti togarinn sem smíðaður var fyrir Íslendinga.
- 1942** Sighvatur Björgvinsson, fyrrverandi ráðherra, fæddist.
- 1943** Duke Ellington spilaði í fyrsta sinn í Carnegie Hall.
- 1952** Valgeir Guðjónsson, íslenskur tónlistarmaður, kom í heiminn.
- 1954** Guðný Halldórsdóttir leikstjóri fæddist.
- 1957** Ólafur Ólafsson kaupþýslumaður fæddist.
- 1978** Svipjóð bannaði notkun á gasi í þrýstihylkjum, sem talið er að skaði ósonlagið.
- 1979** Fyrsti reyklausi dagurinn á Íslandi.
- 2005** Viktor Júsjenkó tók við embætti sem þriðji forseti Úkraínu.
- 2007** Ríkisútvarpinu var breytt í opinbert hlutafélag.



Valgeir Guðjónsson hélt tónleika í Hörpu á sextugsafmælinu. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Man best eftir fimmtugsafmæli eiginkonunnar

Valgeir Guðjónsson tónlistarmaður er 65 ára. Hann segir eftirminnilegasta afmælisdaginn hafa verið fimmtugsafmæli konunnar sinnar. Valgeir vinnur að stóru verkefni í tónlistinni.

Einn ástsælasti tónlistarmaður landsins, stuðmaðurinn Valgeir Guðjónsson, er fæddur 23. janúar 1952 og er því 65 ára í dag. Hann ætlar ekki að halda upp á daginn. „Ég mun taka við árnadaróskum á Facebook eins og gjarnan er gert núna. Það er þar sem maður fær að vita að það eru ekki allir búnir að gleyma manni.“

Hann segir að sextugsafmælið sé honum enn ferskt í minni. Eftirminnilegasta afmælið hafi þó ekki verið hans afmæli, heldur fimmtugsafmæli konunnar hans, en þau eru jafnaldrar. „Þá giftum við okkur, við Ásta Krístrún, eftir 28 ára tilhugalíf. Og við fórum alla leið upp í Borgarfjörð til þess,“ segir Valgeir. Þetta hafi verið ágæt veisla sem hafi komið mörgum að óvörum.

●● Ég mun taka við árnadaróskum á Facebook eins og gjarnan er gert núna.

Valgeir Guðjónsson, afmælisbarn

„Við vorum gefin saman á ekki ómerkari stað en Borg á Mýrum,“ segir Valgeir og minnir á að sjálfur Egill Skallagrímsson og kynstofn hans hafi gert þann stað sögufrægan. „Síðan var það nú þannig að prófasturinn á Borg á Mýrum var mikill vinur okkar frá gömlu og nýju. Og hann hafði einmitt verið með okkur þegar við kynntumst fyrir alvöru, þegar hann og við og litill hópur fólks gekk Leggja-

brjót,“ segir Valgeir. Þetta var árið 1975, en Valgeir og Ásta Krístrún hittust þó fyrst rétt eftir að Stuðmenn höfðu gefið út Sumar á Sýrlandi.

Valgeir segist hafa nóg fyrir stafni í tónlistinni um þessar mundir. „Og er að undirbúa verkefni sem ég segi frá þegar að því kemur,“ segir hann. Það sé mikil vinna að baki þessu verkefni og þá komi sér vel að búa ekki í erli höfuðborgarinnar. „Heldur að vera á því sem ég kalla á Flóarívíerunni,“ segir Valgeir en hann hefur búið á Eyrarbakka í meira en tvö ár. „Þar er næði til ýmislegs sem myndi fara forgörðum í hamaganginum. Ég mæli með því við alla að leita á rölegri mið. Það gerir okkur gott,“ segir hann. jonhakon@frettabladid.is

ÞETTA GERÐIST 23. JANÚAR 1973

Byrjaði að gjósa í Vestmannaeyjum

Eldgos hófst í Heimaey aðfaranótt 23. janúar 1973. Í Vísi þennan sama dag var skrifað að brunalúðrar hefðu vakið Eyjammenn af værum blundi um klukkan tvö um nóttina. Kona ein hafði orðið vör við eldbjarna í nánd við hús sitt og hringt í slökkviliðið. „Við eftirgrensulan reyndist þarna um meira en venjulega elda að ræða. Jörðin logaði á löngum kafla og eldur og eimyrja vall upp úr nær tveggja kílómetra langri eldgjá sem lá frá Kirkjubæ að Skarfatanga í sjó fram. Af 5.500 íbúum eyjarinnar voru um 4.000 fluttir burt um nóttina, aðallega með skipum. Einn maður dó í gosinu af völdum koldíoxíðseitrunar. Gosinu í Heimaey lauk 3. júlí árið 1973. – jhh



Elskuleg eiginkona mín, móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,

Anna Þórarinsdóttir

Kastalagerði 6 Kópavogi,

lést á Hjúkrunarheimilinu Eir 19. janúar 2017.

Útförin fer fram í Kópavogskirkju föstudaginn 27. janúar kl 15:00

Haukur Steingrímsson

Tómas Hauksson Alda María Magnúsdóttir
Steingrímur Hauksson Guðrún Jónsdóttir
Hjörtur Þór Hauksson Dagný Guðmundsdóttir
Sverrir Davíð Hauksson Birna Guðmundsdóttir
Einar Kristinn Hauksson Eyrún Anna Felixdóttir
 barnabörn og barnabarnabörn.



Elskuleg eiginkona mín, móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,

Herdís Jónsdóttir

Lundi Fnjóskadal,

lést á dvalarheimilinu Hlíð 18. janúar. Útför hennar fer fram frá Akureyrarkirkju fimmtudaginn 26. janúar kl. 10.30.

Innilegar þakkir til starfsfólks á Eini- og Grenihlíð fyrir góða ummönnun.

Þórolfur Guðnason

Guðni Þórolfsson Aðalheiður Pétursdóttir
Aðalbjörg Þórolfsdóttir Guðlaugur Óli Þorláksson
Ólafur Haukur Þórolfsson
Sigríður Þórolfsdóttir Pétur Ringsted
Jón Þórolfsson Hólmfríður Rúnarsdóttir
 ömmubörn og langömmubarn.



Elskulegur faðir okkar, tengdafaðir, afi og langafi,

Einar Brynjólfsson

rennismiður,
Fróðengi 5,

áður Rjúpufelli 21, Reykjavík,

sem lést miðvikudaginn 11. janúar sl. á Landspítalanum, verður jarðsettur frá Fella- og Hólakirkju mánudaginn 23. janúar nk. klukkan 13.00.

Kristinn Þór Einarsson

Margrét K. Danielsdóttir
Linda Björk Hávarðardóttir
Steinnun Björg Ingvarsdóttir

Brynjár Einarsson
Brynjólfur Einarsson
Valdimar Einarsson

Fanný Erlingsdóttir
 barnabörn og barnabarnabörn.

Velkominn til starfa

450

FASTEIGNASALA

Kristberg Snjólfsson

Kristberg Snjólfsson er aðstoðarmaður
fasteignasala hjá 450 Fasteignasölu.

Kristberg er þekktur fyrir heiðarleg og ábyrg
vinnubrögð við sölu fasteigna og fyrirtækja á
rúmlega 20 ára starfsferli sínum.

Það er sannkallaður heiður að fá þennan mikla
reynslubolta í okkar hóp!

Sími: 892 1931

Netfang: ks@450.is

Kristberg starfar á ábyrgð Erlends Davíðssonar löggilts
fasteignasala í samræmi við lög nr. 70/2015.




**Árni
Sigurgeirsson**

Framkvæmdarstjóri
arni@450.is
692 7203



**Erlendur
Davíðsson**

Löggiltur
fasteignasali
erlendur@450.is
897 0199



**Baldur
Jezorski**

Aðstoðarmaður
fasteignasala
baldur@450.is
776 0615



**Bárður Hreinn
Tryggvason**

Aðstoðarmaður
fasteignasala
bardur@450.is
896 5221



**Páll Heiðar
Pálsson**

Aðstoðarmaður
fasteignasala
palli@450.is
775 4000



**Elías
Haraldsson**

Löggiltur
fasteignasali
elias@450.is
777 5454




**Hafdís
Sveinbjörnsdóttir**

Skrifstofustjóri
hafdis@450.is
778 8900

VEÐUR & MYNDASÖGUR

Veðurspá Mánudagur



Suðaustan 13-23 í nótt og fram eftir deginum, hvassast norðvestantil á landinu og á Miðhálandinu. Allviða talsverð rigning en lengst af þurr á NA- og A-landi. Mun hægari sunnanátt í kvöld og úrkomuminna. Viða 4 til 8 stiga hiti.

Þriðjudagur

Reykjavík 5° ↗ 9	Ísafjörður 1° ↑ 9	Akureyri 2° ↑ 4
Egilsstaðir 1° ↑ 8	Kirkjubæjarkl. 5° ↑ 8	Hveravellir -0° ↑ 13

Miðvikudagur

Reykjavík 3° ← 8	Ísafjörður -0° ← 13	Akureyri -2° ↑ 2
Egilsstaðir 2° ← 4	Kirkjubæjarkl. 3° ↖ 5	Hveravellir -3° ↖ 6

Þrautir

Krossgáta

LÁRÉTT

- hluta
- ólæti
- besti árangur
- amboð
- tveir eins
- urga
- hljóðfæri
- í röð
- lögg
- hylli
- kusk
- gort

LÓÐRÉTT

- land í Asíu
- umhverfis
- verkfæri
- sigað
- ferhyrningur
- leyfi
- hola
- ókyrröð
- ull
- í röð

LAUSN

1		2	3	4	5
6	7		8		
9		10		11	
12			13		
	14				15
16			17		
18		19			20
21					

LÁRÉTT: 2. muna, 6. at, 8. met, 9. orf, 11. tt, 12. sarg, 14. planó, 16. hl, 17. tár, 18. ást, 20. íó, 21. nápn.
LÓÐRÉTT: 1. los, 3. um, 4. netanálí, 5. átt, 7. trapla, 10. frí, 13. gæt, 15. óróli, 16. há, 19. tu.

Skák Gunnar Björnsson

Magnus Carlsen (2840) átti leik gegn Anish Giri (2773) á Tata Steel-móttinu í Sjávarvík. Hvítur á leik
Heimsmeistarinn lék 56. Bf7+?? og lauk skákinni með jafntefli eftir 123 leiki. Eftir 56. Hc8+ Kg7 57. Hf7+ Kh6 58. Hh8# er svartur mát. Sjaldséð yfirsjón hjá heimsmeistarannum. Hann tapaði svo fyrir Richard Rapport í gær. www.skak.is: Wesley So efstur.



Sudoku

LÉTT

2				6	1	5		
		1		2	4			3
	6						8	
		6	4					
4	7	2			5			9
	8		9	1		6	4	
		9				7		
8	3		7					
	4				3	8		

MIDLUNGS

3	4	9		7		6		
			6			3	1	
			6			7	8	
			3	9			7	
	5			7	1		9	
				5	8		4	
		2				8		
8			5	2				
9	1				3			

ÞUNG

4		5			9		7	
	8	3			4			5
					8	2		
			2	4				
1						5	9	
	4	7				8		
			3			7	2	
					1	3		
		8						9

Þrautin felst í því að fylla út í reitina þannig að í hverjum 3x3 reit birtist tölurnar 1-9. Í hverri níu reita línu, bæði lárétt og lóðrétt, birtast einnig tölurnar 1-9 og aldrei má tvítaka neina tölu í röðinni. Lausnin verður birt í næsta tölublaði Fréttablaðsins.

Lausn síðustu sudokuro

8	5	3	1	9	6	2	4	7
6	1	7	2	4	3	5	8	9
9	2	4	5	7	8	3	1	6
5	3	8	6	1	9	7	2	4
4	6	1	7	2	5	8	9	3
7	9	2	8	3	4	1	6	5
1	7	6	9	5	2	4	3	8
2	4	9	3	8	7	6	5	1
3	8	5	4	6	1	9	7	2

Myndasögur

PONDUS



Eftir Frode Øverli

GELGJAN



Eftir Jerry Scott & Jim Borgman

BARNALÁN



Eftir Jerry Scott & Rick Kirkman

TUDOR RAFGEYMAR

Vertu viðbúinn kuldanum í vetur!

TUDOR High Tech rafgeymar í allar gerðir farartækja.

SKORRI SÉRFRÆÐINGAR Í RAFGEYMUM

Bíldshöfða 12 • 110 RVK • 577 1515 • www.skorri.is

FRÉTTABLAÐIÐ

Fréttablaðið eykur þjónustu sína við lesendur á landsbyggðinni.

Þú getur nálgast frítt eintak af Fréttablaðinu á eftirfarandi sölustöðum víðsvegar um landið:

NI nettó BONUS

LAUGARÁS BÍÓ *midi.is*

PATRIOTS DAY SÝND KL. 8, 10.40

Billi Blikk SÝND KL. 6

SILENCE SÝND KL. 9

HJARTASTEINN SÝND KL. 5.20, 8

THE GREAT WALL SÝND KL. 10.40

SYNGDU SÝND KL. 6 - ísl tal

SAMBÍÓIN **SAMBIO.IS**

VIN DIESEL Fullur skammtur af hasar, spennu og gríni.

ROGUE ONE **LIVE BY NIGHT**

COLLATERAL BEAUTY **MONSTER TRUCKS**

VAIANA **FANTASTIC BEASTS**


ALFABAKKA	EGILSHÖLL	KRINGLUNNI	AKUREYRI	KEFLAVÍK
XXX3 KL. 5:40 - 8 - 10:20	XXX3 KL. 5:40 - 8 - 10:20	XXX3 KL. 5:30 - 8 - 10:20	XXX3 KL. 8 - 10:20	XXX3 KL. 8 - 10:20
XXX3 VIP KL. 10:40	LIVE BY NIGHT KL. 8 - 10:40	LIVE BY NIGHT KL. 8 - 10:40	LIVE BY NIGHT KL. 10:35	LIVE BY NIGHT KL. 10:20
LIVE BY NIGHT KL. 8 - 10:40	MONSTER TRUCKS KL. 5:40	ROGUE ONE 2D KL. 5:20 - 8 - 10:40	MONSTER TRUCKS KL. 5:40	LIVE BY NIGHT KL. 8
MONSTER TRUCKS KL. 5:40	COLLATERAL BEAUTY KL. 5:40 - 10:40	VAIANA ÍSL TAL 2D KL. 5:40	ROGUE ONE 2D KL. 8	LIVE BY NIGHT KL. 10:20
COLLATERAL BEAUTY KL. 8 - 10:20	ROGUE ONE 2D KL. 8 - 10:40	VAIANA ÍSL TAL 2D KL. 5:40	MONSTER TRUCKS KL. 8	THE GREAT WALL KL. 8
SYNGDU ÍSL TAL 2D KL. 5:30	VAIANA ÍSL TAL 2D KL. 5:30	FANTASTIC BEASTS 2D KL. 8	ROGUE ONE 2D KL. 8	
ROGUE ONE 3D KL. 5:15 - 8 - 10:40	FANTASTIC BEASTS 2D KL. 8		VAIANA ÍSL TAL 2D KL. 5:40	
ROGUE ONE 2D VIP KL. 5 - 8	XXX3 KL. 8 - 10:20			
VAIANA ÍSL TAL 2D KL. 5:30	LIVE BY NIGHT KL. 10:20			
ALLIED KL. 10:40	THE GREAT WALL KL. 8			
FANTASTIC BEASTS 2D KL. 8				



Dr. Gereon Kopf heldur fyrirlestur undir yfirskriftinni More Than Just Meditation.

Hvað? Hvenær? Hvar? Mánudagur
hvar@frettabladid.is

New York Film Academy er að finna spennandi nám í kvikmyndagerð, leiklist, ljósmyndun, framleiðslu mynda, handritagerð, kvikmynda-töku, blaðamennsku, leikjahönnun og teiknimyndagerð. NYFA er með bækistöðvar í New York og Los Angeles. Þeir sem koma í áheyrnarprufur eða sýna vinnuöppur hafa einnig möguleika á að sækja um styrk að upphæð 10.000-15.000 USD á ári. Upphæðin fer eftir því hvaða nám þú velur. Til að taka þátt í prufunum/hæfnisprófinu þarf að greiða 65 dollara gjald (u.þ.b. 7.500kr.). Mælt er með að skrá sig á heimasíðu KILROY til að tryggja sér pláss.



Fulltrúar frá New York Film Academy verða með kynningu á skólanum fyrir áhugasama.

Hvar? Íslensk erfðagreining, Fróði fyrirlestrarsalur John Hardy er próffessor í sameindalíffræði taugasjúkdóma og yfirmaður sameindalíffræðideildar í taugavísunum við UCL í London. Hann hefur hlotið fjölda viðurkenninga fyrir vísindastörf sín. Hann hefur verið félagi í Hinu konunglega breska vísindafélagi síðan 2009 og hlaut hin virtu Breakthrough verðlaun í lífvísindum árið 2015. Hardy verður með fyrirlestur sem ber heitið Genomics of neurodegeneration.

Fyrirlestrar
Hvað? More than just Meditation and Martial Arts
Hvenær? 11.40
Hvar? Háskóli Íslands, Stofa 229 More than just Meditation and Martial Arts
Dr. Gereon Kopf heldur fyrirlestur á málstofu í boði Guðfræðistofnunar. Yfirskrift fyrirlestursins er: More than just Meditation and Martial Arts: Reflections on the Challenges and Benefits of Studying East Asian Buddhism in 21st Century Iceland. Dr. Gereon Kopf er dósent við trúarbragðafræði- og heimspékideild Luther College í Decorah, Iowa, í Bandaríkjunum. Kopf er sérfræðingur í asískum trúarbrögðum og heimspéki og hefur skrifað fjölda greina og bókarkafla á sínu sviði. Málstofan er öllum opin.

Hvað? Genomics of neurodegeneration
Hvenær? 15.00

23. JANÚAR 2017

Tónlist

Hvað? Tónlistarveisla Olgu Vocal Ensemble
Hvenær? 20.00
Hvar? Harpa
Olga Vocal Ensemble kynnr með stolti fyrstu tónleika hópsins í Hörpu, nánar tiltekið í Norðurljósasalnum. Tónleikarnir eru jafnframt síðustu tónleikar Bjarna Guðmudssonar með Olgu á Íslandi. Því var ákveðið að bjóða til tónlistarveislu og kveðja strákinn með stæl. Aðgangur er ókeypis.

Viðburðir

Hvað? Kynning og prufur á vegum New York Film Academy
Hvenær? 15.00
Hvar? Hilton Reykjavík Nordica
Fulltrúar frá New York Film Academy verða með prufur og kynningu á námi skólans þannig að ef þig dreymir um að læra leiklist eða kvikmyndagerð skalt þú ekki láta þessa kynningu fram hjá þér fara. Í

Góða skemmtun í bíó!

L-Mesitran

Náttúruleg sáragræðsla með hunangi

Nánari upplýsingar fást á www.wh.is.

Vörurnar fást í Lyf og heilsu, Lyfjaveri, Apótekanum, Hraunbergsapóteki, Lyfsalanum Glæsibæ, Akureyrarapóteki, Apóteki Mos og Apóteki Ólafsvíkur.

VIÐ SJÁUM UM

VIÐHALD OG VIÐGERÐIR Á KÆLI- OG FRYSTIKERFUM

Kælivirkni ehf

Rauðagerði 25 - 108 Reykjavík
Sími: 517 0900 / 777 1901
www.kaelivirkni.is

BIO ★ PARADIS HAPPY HOUR Á BARNUM 17-19

Moonlight	17:45, 20:00, 22:15
Lion	17:30
Eiðurinn ENG SUB	17:45
Graduation	20:00
Captain Fantastic	20:00
Gimme Danger	22:30
Embrace of the Serpent	22:30

DAGSKRÁ

Mánudagur



NÝTT Á STÖÐ 2

BYGGT Á
SANNRI SÖGU

SIX

Hörkuspennandi þættir, byggðir á raunverulegum atburðum, og fjalla þeir um hóp sérsveitarmanna sem freista þess að hand-sama leiðtoga innan raða talibana í Afganistan.

FRÁBÆRT
MÁNUDAGSKVÖLD

Fáðu þér áskrift á 365.is

365



GRAND DESIGNS UK

Glæný sería þar sem fylgst er með stórkostlegum endurbótum á heimilum fólks í Bretlandi. Þar fer ríkt hugmyndaflug og góður smekkur saman og útkoman yfirleitt mikið augnayndi.



Ný þáttaröð



INSECURE

Gamanþáttur úr smiðju HBO sem fjallar um hina hispurslausu en afar óöruggu Issu Dee, leikna af Issu Rae sem er jafnframt höfundur þáttanna.



SHAMELESS

Skemmtileg þáttasería um þessa skrautlegu og stórskemmtilegu fjölskyldu sem er ekki eins og fólk er flest og ekki alveg til fyrirmyndar.



EYEWITNESS

Lokaþáttur þar sem kemur í ljós hvað gerðist raunverulega í skógarkofanum drungalega! Magnaðir spennuþættir, byggðir á norsku spennuþáttaröðinni Øyevitne.



MAD MAX: FURY ROAD

Myndin gerist eftir að heimurinn hefur gengið í gegnum mikla eyðileggingu og í eyðilegu landslagi þar sem hið mannlega er ekki lengur mannlegt búa Max og Furiosa.



3

ONE BORN EVERY MINUTE - WHAT HEPPENED NEXT

Vandaðir og áhugaverðir þættir þar sem fylgt er eftir nokkrum eftirminnilegum þörum úr fyrri þáttaröðum og fjallað um lífið eftir fæðingu barna þeirra.



1. ÞÁTTUR

STÖÐ 2

07.00 The Simpsons
07.20 Tommi og Jenni
07.40 The Middle
08.05 2 Broke Girls
08.30 Ellen
09.15 Bold and the Beautiful
09.35 Doctors
10.20 Who Do You Think You Are?
11.20 Sullivan & Son
11.45 Mayday
12.35 Nágrannar
13.00 American Idol
14.20 American Idol
15.40 Ground Floor
16.05 Tommi og Jenni
16.30 The Simpsons
16.55 Bold and the Beautiful
17.20 Nágrannar
17.45 Ellen
18.30 Fréttir Stöðvar 2
18.55 Íþróttir | Íþróttafréttamenn fara yfir það helsta úr heimi íþróttanna.

19.05 Fréttir Stöðvar 2
19.20 The Mindy Project
19.45 Grand Designs Frábærir þættir þar sem fylgst er með stórkostlegum endurbótum á heimilum.

20.40 Insecure
21.10 Six Hörkuspennandi þáttaröð sem fjallar um hóp sérsveitarmanna sem freista þess að handsama leiðtoga innan raða talibana í Afganistan og þurfa að leysa fleiri erfið mál. Þættirnir eru byggðir á raunverulegum atburðum og eru úr smiðju Williams Broyles Jr. (Apollo 13) og fyrrverandi sérsveitarhermannsins Davids Broyles.

22.00 Shameless
22.55 Eyewitness
23.35 Timeless
00.20 Notorious
01.05 Blindspot Önnur þáttaröðin af spennuþáttunum um Jane, unga konu sem finnst á Times Square en hún er algjörlega minnislaus og líkami hennar er þakinn húðflúri. Alríkislögreglan kemst að því að hvert húðflúr er visbending um glæp sem þarf að leysa.

01.50 Major Crimes
02.35 Bones Tiunda þáttaröðin af þessum stórskemmtilegu þáttum þar sem fylgst er með störfum Dr. Temperance Brennan, réttarmeinafræðings, sem kölluð er til ráðgjafar í allra flóknustu morðmálum. Brennan vinnur náið með rannsóknarlögreglumanninum Seeley Booth sem kunnugt er.

STÖÐ 2 SPORT 2

07.55 NFL
10.25 NFL
12.55 Domino's-körfuboltakvöld
14.35 NBA
15.00 Enska 1. deildin
16.40 Spænski boltinn
18.20 Spænsku mörkin
18.50 Football League Show
19.20 Premier League
21.00 Messan
22.40 Premier League
00.20 Messan

STÖÐ 2 SPORT 2

07.00 Domino's-deild karla
08.50 Domino's-deild karla
10.30 Þýski boltinn
12.10 Premier League
13.50 Premier League
15.30 Premier League World
16.00 NBA
18.00 NFL
20.30 NFL
23.00 UFC Now
23.50 Domino's-körfuboltakvöld

ÚTVARP

FM 88,5 XA-Radíó
FM 89,5 Retro
FM 90,1 Rás 2

FM 90,9 Gullbylgjan
FM 93,5 Rás 1
FM 95,7 FM957

STÖÐ 3

18.00 Married
18.25 Raising Hope
18.45 The New Girl
19.10 Modern Family
19.35 Stelpurnar
20.00 Eldhúsið hans Eypórs
20.30 One Born Every Minute – What Happened Next
21.20 Grimm
22.05 Game of Thrones
22.55 Klovn
23.25 The Americans
00.15 The Mentalist
01.00 Stelpurnar
01.20 Eldhúsið hans Eypórs
01.50 One Born Every Minute – What Happened Next
02.40 Grimm
03.20 Tónlist

KRAKKASTÖÐIN

07.00 Strumparnir
07.25 Hvellur keppnisbill
07.37 Stóri og litli
07.49 Gulla og grænjaxlarnir
08.00 Víkingurinn Viggó
08.13 Zigby
08.25 Skógardýrið Húgó
08.47 Mæja býfluga
09.00 Dóra könnuður
09.24 Mörgæsinnar
09.47 Doddi litli og Eyrnastór
10.00 Svampur Sveins
10.25 Áfram Diego, áfram!
10.49 Lalli
10.55 Rasmus Klumpur
11.00 Strumparnir
11.22 Hvellur keppnisbill
11.33 Stóri og litli
11.45 Gulla og grænjaxlarnir
12.00 Víkingurinn Viggó
12.13 Zigby
12.25 Skógardýrið Húgó
12.47 Mæja býfluga
13.00 Dóra könnuður
13.24 Mörgæsinnar
13.47 Doddi litli og Eyrnastór
14.00 Svampur Sveins
14.25 Áfram Diego, áfram!
14.49 Lalli Lengd.
14.55 Rasmus Klumpur
15.00 Strumparnir
15.22 Hvellur keppnisbill
15.33 Stóri og litli
15.45 Gulla og grænjaxlarnir
16.00 Víkingurinn Viggó
16.13 Zigby
16.25 Skógardýrið Húgó
16.47 Mæja býfluga
17.00 Dóra könnuður
17.24 Mörgæsinnar
17.47 Doddi litli og Eyrnastór
18.00 Áfram Diego, áfram!
18.24 Svampur Sveins
18.49 Lalli
18.55 Rasmus Klumpur
19.00 Alpha og Omega



Svampur Sveins
kl. 10.24,
14.24 og
18.24

GOLFSTÖÐIN

08.00 Abu Dhabi HSBC Golf Championship
12.30 CareerBuilder Challenge
16.30 Abu Dhabi HSBC Golf Championship
21.00 PGA Highlights 2017
21.55 CareerBuilder Challenge

BÍÓSTÖÐIN

11.50 Baddi i borginni
13.25 The Citizen
15.05 Mamma Mia! Ein vinsælasta dans- og söngvamynd síðari ára með Amöndu Seyfried, Meryl Streep, Colin Firth og Pierce Brosnan í aðalhlutverkum. Myndin gerist á Grikklandi þar sem Sophie ætlar að halda draumabruðkaup sitt en langar að hafa uppi á föður sínum fyrir daginn stóra. Eftir að hafa laumast í dagbók móður sinnar, uppgötvar hún að faðir hennar er einn af þremur fyrrverandi elskhugum hennar. Til að komast að því ákveður hún að bjóða þeim öllum í brúðkaupið án vitundar móður sinnar og reyna þannig að komast að sannleikanum.
16.55 Baddi i borginni
18.30 The Citizen
20.10 Mamma Mia!
22.00 Mad Max: Fury Road
00.00 Not Safe for Work Spennu-mynd frá árinu 2014 sem fjallar um skrifstofustarfsmanninn Thomas sem lendir í því að verða fastur inni í byggingu fyrirtækisins þar sem morðingi gengur laus.
01.15 Fast & Furious 6
03.25 Mad Max: Fury Road

RÚV

17.00 Velkominn Þorri
17.50 Táknafréttir
18.00 KrakkaRÚV
18.01 Friðþjófur forvitni
18.24 Skógargengið
18.35 Undraveröld Gúnda
18.47 Hundalíf
18.50 Krakkafréttir
19.00 Fréttir
19.25 Íþróttir
19.30 Veður
19.35 Kastljós
20.05 Á ég að borða kjöt?
21.00 Miðnætursól
22.00 Tiufréttir
22.15 Veðurfréttir
22.20 EBBA - Tónlistarverðlaunin 2017
23.25 Þýskaland '83
00.10 Kastljós
00.35 Dagskrárlok

SJÓNVARP SÍMANS

06.00 Síminn + Spotify
08.00 America's Funniest Home Videos
08.20 Dr. Phil
09.00 Life Unexpected
09.45 Judging Amy
10.30 Síminn + Spotify
13.35 Dr. Phil
14.15 Rachel Allen: All Things Sweet
14.40 Chasing Life
15.25 Black-ish
15.50 Royal Pains
16.35 The Tonight Show
17.15 The Late Late Show
17.55 Dr. Phil
18.35 Everybody Loves Raymond
19.00 King of Queens
19.25 How I Met Your Mother
19.50 The Good Place
20.15 No Tomorrow
21.00 Hawaii Five-0
21.45 Blue Bloods
22.30 The Tonight Show
23.10 The Late Late Show
23.50 The Catch
00.35 Sex & the City
01.00 Rosewood
01.45 Madam Secretary
02.30 Hawaii Five-0
03.15 Blue Bloods
04.00 The Tonight Show
04.40 The Late Late Show
05.20 Síminn + Spotify

Gerðu verðsamanburð og lækkaðu GSM reikninginn þinn með 365

ENDAL AUS GSM

365

365.is
Sími 1817

Hvaða leið hentar þér?

LEIÐ 1

- ✓ Endalaus símtöl og sms óháð fjarskiptafyrirtæki
- ✓ 0 GB gagnamagn

790kr.

LEIÐ 2

- ✓ Endalaus símtöl og sms óháð fjarskiptafyrirtæki
- ✓ 1 GB gagnamagn

1.680kr.

LEIÐ 3

- ✓ Endalaus símtöl og sms óháð fjarskiptafyrirtæki
- ✓ 5 GB gagnamagn

2.680kr.

LEIÐ 4

- ✓ Endalaus símtöl og sms óháð fjarskiptafyrirtæki
- ✓ 30 GB gagnamagn*

3.490kr.



LÍNAN

BÆJARLIND 16 | 201 KÓPAVOGUR | Sími 553 7100 | LINAN.IS
ÓPIÐ MÁN TIL FÓSTUDAGA 11 - 18 | LAUGARDAGA 11 - 16

Fannar Arnarsson og Guðmundur Óli Sigurjónsson eru matreiðslumenn Matarkompanís. FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

JANÚAR GLEÐI

DAGLEG OFURTLIÐ ÚT JANÚAR
• Skoðaðu tilboð dagsins á byko.is

52%
AFSLÁTTUR64%
AFSLÁTTUR50%
AFSLÁTTUR47%
AFSLÁTTUR

TAKMARKAÐ MAGN AF HVERRI VÖRU

Allar verðupplýsingar eru birtar með fyrirvara um prentvillur og/eda myndabrengl.
Hvert tilboð gildir í einn dag meðan birgðir endast.

AUÐVELT AÐ
VERSLA Á BYKO.IS

BYKO

GERUM PETTA SAMAN

Ábendingahnappinn má finna á
www.barnaheill.is



SAFT

TILKYNNNA ÓVÍDEIGANDI
ÉGA ÓLÖGLEGU EFN
Á NETINGU

Fólk vill ekki lengur svikinn héra

Matreiðslumaðurinn **Fannar Arnarsson**, annar eigandi fyrirtækja- og veisluþjónustunnar Matarkompanís, segir fyrirtæki sitt vera frábrugðið öðrum fyrirtækjum í þessum geira þar sem Matarkompaní bíður upp á töluvert ferskari og nútímalegri mat en gengur og gerist.

Fannar Arnarsson og Guðmundur Óli Sigurjónsson elda allan matinn frá Matarkompaní frá grunni. „Við komum frá finum veitingastöðum og viljum rífa standardinn upp í þessum bransa. „Við erum ekki að bjóða upp á neinar kjötbollar og brúna sósu eins og þekktist gjarnan í þessum geira,“ segir Fannar.

„Okkar matur er nútímalegur, finn og hollur. Við erum ekki með neitt djúpsteikt, við bökum allt sjálfir og gerum engar mæjónessósir. Svo nota ég ekki frosið grænmeti.“

Fannar segir fyrirtækið fara vel af stað og það var greinilega eftirspurn eftir ferskari mat í fyrirtækja- og veisluþjónustu. „Já, þetta fer dúndrandi vel af stað.“

Okkur fannst þessi bransi vera dauður og þess vegna fór ég í þetta. Mér fannst engin samkeppni í þessu. Fólk nú til dags vill bara ferskan og góðan mat, það vill enginn kjötbollar og svikinn héra, fyrir utan gamla karla,“ segir Fannar.

Meðfylgjandi er uppskrift af laxarétt sem Fannar og Guðmundur reiddu fram fyrir lesendur. Fannar segir hvern sem er geta eldað þennan rétt. „Já, alveg klárlega, þetta geta allir gert.“

gudnyhronn@365.is

OKKAR MATUR ER NÚTÍMALEGUR, FINN OG HOLLUR. VIÐ ERUM EKKI MEÐ NEITT DJÚPSTEIKT, VIÐ BÖKUM ALLT SJÁLFIR OG GERUM ENGAR MÆJÓNESSÓSIR. SVO NOTA ÉG EKKI FROSIÐ GRÆNMETI.



Gómsætur lax sem allir geta reitt fram.

DILLMARINERADUR LAX

Fyrir tvo

Lax 400 gr
150 gr. bygg

Marinerung á Lax

50 gr. dill
50 gr. olía
1tsk lime (safinn og rifinn börkurinn)

Bygg-dressing

70 gr. sólburrkaðir tómatar
½ hvítlauksgeiri
30 gr. basilikka
salt eftir smekk

Grísk Jógúrtsósa

200 gr. grískt jógúrt
rifinn lime börkur eftir smekk
30 gr. dill, smátt saxað

Salthnetu-dillcrumble

65 gr. dill, smátt saxað
50 gr. salthnetur

Laxinn skorinn niður í tvær steikur. Hráefnið í marinerunguna fer allt í blandara og maukað saman.

Byggið er soðið í potti í 45 mínútur.

Hráefnið í bygg-dressing setti í blandara þar til verður að grófu mauli, dressingin er svo sett yfir byggjö.

Hráefnið í grísku jógúrtsósunni er allt hrært saman og smakkað með salti.

Hráefnið í salthnetu-dillcrumble setti í matvinnsluvél.

Laxinn er svo eldaður inni í ofni í 8 til 12 mínútur, eftir þykkt.

LED SJÓNVÖRÞ

58" SJÓNVÖRÞ

24" LÍTIL SJÓNVÖRÞ

98" STÓR SJÓNVÖRÞ

32" SJÓNVÖRÞ

49" SJÓNVÖRÞ

43" SJÓNVÖRÞ

50" SJÓNVÖRÞ

55" SJÓNVÖRÞ

60" SJÓNVÖRÞ

ÚTSALA

ALLT AÐ 66% AFSLÁTTUR

65" STÓR SJÓNVÖRÞ

40" SJÓNVÖRÞ

ÚTVÖRÞ

HLJÓMTÆKI

22" SJÓNVÖRÞ

HEIMABIÓ

BLU-RAY SPILARAR

HEYRNARTÓL

BÍLGRÆJUR

MYNDAVÉLAR

SKJÁVARPAR

HÁTALARAR

SJÓNAUKAR

BLUETOOTH HÁTALARAR



LG

PHILIPS

THOMSON

Panasonic



YAMAHA

KENWOOD

Nikon

AKG UNITED

EPSON

JBL

harman/kardon

OLYMPUS

Dantax

tasco

FINLUX

JVC

OPIÐ VIRKA DAGA 9-18 OG LAUGARDAGA 11-16 | SJÁIÐ ÖLL TILBOÐIN Á SM.IS

Sjónvarpsmiðstöðin

RAFTÆKJAVERSLUN • SÍÐUMÚLA 2 • SÍMI 568 9090 • WWW.SM.IS

DORMA

Láttu drauminn reitast

ÚTSALA DORMA NÚ Á FJÓRUM STÖÐUM

Nýttu tækifaerið

ÚTSALAN
í fullu fjöri
ALLT AÐ
60%
AFSLÁTTUR

OPIÐ Á SUNNUDÖGUM Í
DORMA SMÁRATORGI

NATURE'S REST
heilsurúm m/classic botni



Svart PU
leður á botni.

Nature's Bedding

25%
AFSLÁTTUR
af 120x200 cm á meðan
bírgötr endast.

Verðdæmi
120 x 200 cm
Fullt verð: 79.900 kr.

Aðeins 59.920 kr.




TAMPA
tungusófi

Dökk- eða ljósgrátt slitsterkt áklæði.
Hægri eða vinstri tunga.

Fullt verð: 119.900

25%
AFSLÁTTUR



Aðeins 89.925 kr.



40%
AFSLÁTTUR

WESTFIELD
hægindastóll
með skemli

Stillanlegur hægindastóll.
með skemli. Ljósgrátt
slitsterkt áklæði.

Fullt verð: 69.900 kr.

Aðeins 41.940 kr.

DORMA HOME
sængurföt

Mjúk og falleg
„satin striped“
Policotton sængurföt.
Sængurver 140x200 cm
Koddaver 50x70 cm

Fullt verð: 6.490 kr.

25%
AFSLÁTTUR

Aðeins 4.868 kr.

Afgreiðslutími Rvk
Mánudaga til föstudaga kl. 10-18
Laugardaga kl. 11-17
Sunnudaga kl. 12-16 (Smáratorgi)
www.dorma.is

Holtgördum, Reykjavík
Smáratorgi, Kópavogi
Dalsbraut 1, Akureyri
Skeiði 1, Ísafirði

DORMA
Láttu drauminn reitast



Vefritið Hús&Hillbilly fór í loftið 11. janúar, og stefnt er á árlegt tímarit í framhaldinu. FRÉTTABLAÐIÐ/EYÞÓR

Skyggnast inn í heim listamanna

Systurnar **Ragga** og **Magga Weissshappel** halda úti vefritinu Hús&Hillbilly. Í vefritinu eru meðal annars heimsóknir á vinnustofur íslenskra myndlistarmanna auk þess sem rætt er við listamenn.

„Markhópurinn er allt fólk sem nýtur myndlistar, og menningar ef út í það er farið. Líka forvitnið fólk, sem finnst gaman að gægjast inn í heim myndlistarmanna, heimili og vinnustofur. Kannski mun hópurinn stækka, en það eru til dæmis margir sem eru á móti listamanna-launum sem geta skodað og séð að myndlistin er ekkert grín og mjög mikilvæg fyrir samfélagið,“ segja systurnar Ragga Weissshappel og Magga Weissshappel, spurðar út í vefritið husoghillbilly.com, sem fór í loftið 11. janúar.

Hús&Hillbilly er vefrit þar sem meðal annars eru heimsóknir á vinnustofur íslenskra myndlistarmanna, innsýn í heim íslenskra myndlistarmanna í útlöndum, auk þess sem rætt er við myndlistarmenn í alls konar verkefnum með það að leiðarljósi að sýna fram á mikilvægi myndlistarmanna í samfélaginu.

„Vefritið er aðallega hugsað sem örlitil viðbót í arkífsafn íslenskrar

**VEFRITID ER AÐAL-
LEGA HUGSAÐ SEM
ÖRLITIL VIÐBÓT Í ARKÍLSAFN
ÍSLENSKRAR MYNDLISTAR. ÞAÐ
ER MJÖG MIKILVÆGT AÐ SVONA
VIÐTÖL SÉU TIL.**

myndlistar. Það er mjög mikilvægt að svona viðtöl séu til,“ segja þær systur.

Stelpurnar hafa fengið mjög fin viðbrögð við síðunni. „Við höfum fengið fullt af fallegum skilaboðum og erum ánægðar með það.“

Hvernig kviknaði hugmyndin? „Hún kviknaði út frá því að stefnulausar systur sátu yfir bjór að ræða lífið og tilveruna, saman komum við með hugmyndina, okkur fannst þetta sárvanta og vorum sammála um að myndlistina vantaði svona vettvang,“ útskýra systurnar og bæta við að langflestar hugmyndir í heiminum komi með bjórnum og séu síðan finpússaðar

næsta dag.

Spurðar að því hvort mikið sé fjallað um innanhússhönnun á vefnum eða einungis myndlist segja stelpurnar að Hillbilly sé mest fyrir myndlist, þó að innanhússhönnun geti verið falleg.

„Myndlistarmenn eru oftast ekki fagurkerar. Þess vegna eru plássin sem við förum inn í alltaf mjög falleg og mikið af alls konar dóti. Það er stór bónus. Það er samt sem áður ein regla, og hún er sú að það er bannað að taka til áður en Hillbilly kemur í heimsókn.“

Þó einungis séu nokkrir dagar frá því vefsíðan fór í loftið, eru stelpurnar samt sem áður komnar með stórar hugmyndir fyrir næstu mánuði.

„Við erum að spá í að vinna sleitulaust til 11.11 '17 og fara þá í að prenta eitt stórt tímarit – samansafn fyrir hvert ár. En þetta eru kannski villtir draumar en samt sem áður stefnan,“ segja þær að lokum.

gudrunjona@frettabladid.is


Listamaðurinn græðir nú á tá og fingri

Listamaðurinn Zachary Cole Fernandez græðir nú á tá og fingri á gjörningi sínum en á nýársnótt tók hann sig til og breytti Hollywood-skiltinu frá þessum þing að þar virtist standa „Hollywood“. Seinustu helgi setti hann ráðagóði Fernandez svo upp vefverslun þar sem hann selur föt og varning með Hollywood-vörumerki sínu. Verslunin fór vel af stað en á fyrstu 24 klukkustundunum seldust vörur fyrir um 7,7 milljónir króna. Fötin í verslun hans er ekki beint ódýr en peysa kostar um 17.000 krónur og stutt-ermabólur um 11.000 krónur.

Þess má geta að þetta er ekki í fyrsta sinn sem þessi gjörningur er framinn því að árið 1976 var skiltinu breytt á sams konar hátt þannig að það mátti lesa sem „Hollywood“.



Hollywood-peysurnar rjúka út.



Svona leit skiltið út eftir nýársnótt.

Í það skiptið var það ungur maður að nafni Danny Finegood sem breytti skiltinu með því að veifa ódýru efni um o-in tvö í „Hollywood“. Finegood lést fyrir 10 árum, þá 52 ára að aldri, og síðan þá hefur hans verið minnst sem „listamanns“ og þakkara.

SÍMAR AUGLÝSINGAÐEILDIR – AUGLÝSINGASTJÓRI: Svanur Valgeirsson svanur@365.is ALMENNAR AUGLÝSINGAR: SÍMI 512-5401: Gústaf Bjarnason gustaf@365.is, Hafsteinn Hafsteinnsson hafsteinn@365.is, Hjördis Zoëga hjordis@365.is, Sigfús Örn Einarsson sigfus@365.is, Örn Geirsson orn.geirsson@365.is FÓLK/SÉRBLÖÐ SÍMI 512-5402: Atli Bergmann atli.bergmann@365.is, Jóhann Waage johannwaage@365.is, Jón Ivar Vilhelmsson jonivar@365.is, Ólafur H. Hákonarson olafurh@365.is, FÓLK OG SÉRBLÖÐ EFNÍ: Sólveig Gísladóttir solveig@365.is og Vera Einaradóttir vera@365.is RADAUGLÝSINGAR /FASTEIGNIR SÍMI 512-5403: Hrannar Helgason hrannar@365.is, Viðar Ingi Pétursson vip@365.is ÞJÓNUSTAUGLÝSINGAR SÍMI 512-5407: Arna Rut Kristinsdóttir arnarut@365.is, Sigrún Helga Guðmundsdóttir sigrunh@365.is

SÚPUKJÖTSTILBOÐ!



FJALLALAMB
SÚPUKJÖT ÚR FRAMPARTI
799
HAUSTSLÁTRUN 2016 KR.KG

Verð birt með fyrirvara um prentvillur og gildir á meðan bírgölr endast.



ICELAND
MEAL FOR ONE
398
500G KR/PK



BASKIN
ROBBINS
499
500ML KR/PK



54
Fyrir
AF ÖLLUM PIZZUM



Iceland

OPIÐ ALLAN SÓLARHRINGINN
ICELAND, ENGIHJALLA,
VESTURBERGI OG ARNARBAKKA



Bakpankar

Helgu Völu Helgadóttur



Orðin verða svo smá

Orðin verða bara svo agnarsmá. Ekkert kemst að nema þessi dæði, sorg og djúp hluttekning. Allt argaþras og rifrildi út af dagsins málum skipta engu. Í eina viku hefur þjóðin staðið sem ein í leitinni að Birnu Brjánsdóttur og nú sendum við fjölskyldu og ástvinum okkar allra bestu og hlýjustu strauma. Umvefjum þau með kærleika og þökkum um leið öllum þeim sem lögðu lið við leitina.

Afram heldur lögreglan leitinni að sannleikanum og þangað sendum við líka okkar styrk og góðu strauma. Við þurfum áfram að standa saman því ef eitthvað skiptir máli á tímum sem þessum þá er það samstaðan. Samstaðan um að gera umhverfi okkar öruggara. Við megum ekki draga þann lærdóm að við hér á okkar fámenna landi, sér í lagi ungar konur, þurfum að ganga hrædd um göturnar, heldur standa saman um að gera umhverfið öruggara og fordæma hvers kyns ofbeldi. Við eigum að byrja heima hjá okkur. Byrja á að tala við börnin okkar um það að beita aldrei ofbeldi. Að ofbeldi muni aldrei skapa neitt annað en vanlíðan og óhamingju. Að með ákvörðuninni einni, um að beita aldrei ofbeldi, getum við haft áhrif á að ofbeldi verði ekki beitt né heldur liðið. Ofbeldi getur byrjað smátt en endað með skelfingu, líkri þeirri sem við virðumst því miður nú hafa orðið vitni að.

Föðmum hvert annað, börnin okkar og vini. Tölum saman. Sendum frá okkur kærleika og góðar tilfinningar því það mun sigrá hatur og illsku.

ÚTSALAN Í FULLUM GANGI

20-70%

AFSLÁTTUR!



30%
AFSLÁTTUR!

12MÁN.
VAXTALAUSAR
GREIÐSLUR!

ROYAL CORINNA
Hágæða millistíff fimn-svæða skipt
heilsudýna með poka-gorma-kerfi
ásamt botni og fótum.
(Stærð 153x200 cm)
Á MÁNUÐI ADEINS
7.929 kr.*
FULLT VERÐ 124.620 kr.
ÚTSÖLVERÐ 87.234 kr.

(*Middi við 12 mánaða vaxtalausar radgreiðslusamning með 3,5% lántökugjaldi og 40% kr. greiðslugjaldi)



Útlitsgallaðar, skila- og skiptidýnur á
50 til 70% afslætti!

APGH111230117#6

Rekkjan ehf. · Ármúla 44 · 108 Reykjavík · 588 1955 · www.rekkjan.is · Opíð virka d. 10-18 og lau 11-16

KING KOIL WAREHOUSE CLEARANCE

STÖK DÝNA

KING stærð (193x203 cm)

AÐEINS 5.507 kr.* Á MÁNUÐI

Staðgreidd 59.150 kr.

Dýna, botn og fætur

AÐEINS 12.026 kr.* Á MÁNUÐI

Staðgreidd 134.730 kr.

STÖK DÝNA

QUEEN stærð (153x203 cm)

AÐEINS 4.166 kr.* Á MÁNUÐI

Staðgreidd 43.600 kr.

Dýna, botn og fætur

AÐEINS 8.129 kr.* Á MÁNUÐI

Staðgreidd 89.550 kr.

Komdu og mátæðu
og gerðu frábær kaup!

COMO HÆGINDASTÓLL

Æðislega nettur og þægilegur.
Þrjár litir: brúnn, grár og ljós-kremadur.

Á MÁNUÐI ADEINS

2.956 kr.*

FULLT VERÐ 43.500 kr.

ÚTSÖLVERÐ 28.580 kr.



32%
AFSLÁTTUR!

OPIÐ ALLAN SÓLARHRINGINN
Í ENGIHJALLA,
VESTURBERGI
OG ARNARBAKKA



Iceland

Pinex® Smelt

Munddreifitöflur
250 mg



Actavis

rekkjan

HEILSURÚM